





Vertu vel tryggður á nýju ári!

TRYGGINGAMIDSTÖÐIN

Hafnarstræti 7 • 400 Ísafjörður Sími 450 5200 • www.tmf.is



Tempur heilsudýnur og koddar

HÚSGAGNALOFTIÐ

SÍMI 456 4566 • SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR



Afgreiðsla

Landsbankans

í Neista er opin

fimmtudaga og

föstudaga

frá kl. 16 - 19

 **Landsbankinn**

Sími 450 5500



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 4. febrúar 2004 • 5. tbl. • 21. árg.

Einstaklingur sem ráðinn var sem gjaldkeri Ísafjarðarbæjar dró umsókn sína til baka

Hafði aldrei unnið á skrifstofu

Einar Björn Bjarnason stjórnmaðlafræðingur, sem ráðinn hafði verið í stöðu gjaldkera hjá Ísafjarðarbæ, ákvað að draga umsókn sína til baka í síðustu viku. Það gerði hann í framhaldi af fundi sem hann átti með Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, í Reykjavík. Halldór sagðist í samtali við blaðið

hafa ákveðið að endurskoða ferlið sem beitt var við ráðningu Einars í kjölfar fréttar af málinu. Það var Þórir Sveinsson, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar, sem annaðist ráðninguna. Átta manns sóttu um stöðuna, sjö konur búsettar í Ísafjarðarbæ og Einar Björn. Að mati Þóris var Einar Björn hæfasti ein-

staklingurinn í starfið, þrátt fyrir að hafa aldrei unnið þau störf sem hann var ráðinn til. Einar Björn sagðist í samtali við bb.is í síðustu viku að samhliða námi í stjórnmaðlafræði og tvö ár á eftir hefði hann starfað við bensínafgreiðslu og unnið sig upp í að annast uppgjör afgreiðslukassa bensínstöðvarinnar í afleysingum.

Eftir það flutti hann til Svíþjóðar þar sem hann var í tvö ár. Eftir heimkomu á ný starfaði hann sem sendibílstjóri og við öryggisvörslu. Undanfarið eitt og hálft ár hefur hann verið atvinnulaus. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri vildi í samtali við blaðið ekkert segja til um hvort Þórir Sveinsson, fjármálastjóri, nyti

áfram trausts bæjaryfirvalda. Halldór sagði að allt ferlið í kringum ráðninguna yrði rannsakað og ákvarðanir teknar í framhaldi af því. Hann treysti sér ekki til að svara til um hvort Ísafjarðarbær væri skaðabótaskyldur gagnvart Einari Birni Bjarnasyni sem ráðinn var til starfans.

– hj@bb.is



Ný stjórn HG kosin

Boðað hefur verið til hluthafafundar í Hraðfrystihúsinu – Gunnvöru hf. á morgun, 5. febrúar, að því er segir í tilkynningu til Kauphallar Íslands. Á fundinum verður lögð fram tillaga um breytingar á samþykktum félagsins á þann veg að stjórnarmönnum verði fækkað úr fimm í þrjá en varamönnum verði hinsvegar fjölgað úr einum í þrjá. Einnig er á dagskrá kosning nýrrar stjórnar félagsins. Eins og kunnugt er hefur eignarhaldsfélagið Yt ehf. gert hluthöfum í Hraðfrystihúsinu – Gunnvöru hf. yfirtökutilboð sem rennur út þann 16.febrúar.

– hj@bb.is



Safnar öllu nema peningum

– sjá viðtal í miðopnu við **Ingvar Anton Antonsson, sjómann með söfnunaráráttu**

Aflaverðmætið minnkaði um milljarð

Fyrstu tíu mánuði síðasta árs var landað 43.438 tonnum af sjávarafli á Vestfjörðum að verðmæti rúmlega 3,9 milljarðar króna. Á sama tíma árið 2002 var landað 67.134 tonn um á Vestfjörðum að verð-

mæti tæplega 4,9 milljarðar. Magn landaðs afla hefur því dregist saman um 35% og verðmætið um 20%. Samdráttur er í aflaverðmæti allra helstu fisktegunda. Í þorski er samdráttur í verð-

mætum um 17,6%, í ýsu er hann 27,5%, í grálúðu 43,5%, í rækju 22,6% og í loðnu er samdrátturinn 71,1%. Aflaverðmæti steinbíts eykst hinsvegar á milli ára og fer úr 385 milljónum króna í 470 millj-

ónir sem jafngildir um 22%. Svo mikill samdráttur í aflaverðmæti hefur mikil áhrif eins og nærri má geta, t.d. má áætla að hafnir í fjórðungnum verði af um eða yfir 10 milljóna króna tekjum vegna þessa.



Opið:

Virka daga 09-21

Laugard. 10-21

Sunnud. 12-21


SAMKAUP

...gæði og forskotið!

NEISTA

HAFNARSTRÆTI 9-13

SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi

EIMSKIP

GREIÐ LÉND

ÚTGÁFAN

BÆJARINN BESTI

ISSN 1670 - 021X

Útgefandi:

H-prent ehf.

Sólgötu 9, 400 Ísafjörður

Sími 456 4560,

Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,

sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Kristinn Hermannson

sími 863 1623

kristinn@bb.is

Halldór Jónsson

sími 892 2132

hj@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Sigurjón J. Sigurðsson

sími 892 5362

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson

sími 894 6125,

halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og

Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um

dreifingu á blaðinu á þétt-

býlisstöðum utan Ísa-

fjarðar: **Bolungarvík:**

Sólveig Sigurðardóttir,

Hlíðarstræti 3, sími 456

7305. **Súðavík:** Sólveig

Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími

456 4106. **Suðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,

Aðalgötu 20, sími 898

6328. **Flateyri:** Gunnhildur

Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi

12a, sími 456 7752.

Þingeyri: Anna Signý

Magnúsdóttir, Hlíðargötu

14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti

7, sími 456 3166. **Flug-**

barinn, Ísafjarðarflugvelli,

sími 456 4772. **Bónus,**

Ljóninu, Skeiði, sími 456

3230. **Bókhlaðan,** Hafn-

arstræti 2, sími 456 3123.

Bensinstöðin, Hafnarstræti,

sími 456 3574. **Samkaup,**

Hafnarstræti 9-13, sími 456

5460. **Krilið,** Sindragata 6,

sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250

eintakið m.vsk. Áskriftarverð

er kr. 215 eintakið. Veittur

er afsláttur til elli- og

örorkulífeyrisþega. Einnig

sé greitt með greiðslukorti.

Ferðavenjukönnun IMG-Gallup fyrir Ferðamálaráð Íslands

Flestir vilja ferðast til Vestfjarða

Afeinstökum áfangastöðum innanlands vildu flestir svar- endur í nýbirtri ferðavenju- könnun Ferðamálaráðs helst fara til Vestfjarða eða 24%. Næst kom Austurland með 13,3%, Akureyri með 13,1% og 11,5% vildu heimsækja há- lendið. Aðrir staðir voru nefndir af innan við 10% svar- enda. Spurt var um hvaða þrjá staði fólk langaði helst til að heimsækja og voru hlutfalls- tölur reiknaðar út frá fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara. Hornstrandir eru fimmti vinsælasti áfangastað- urinn samkvæmt könnuninni en 9,3% aðspurða vildu helst fara þangað. Ísafjörður er í 13. sæti með 6,6%, Strandir í því 15. með 4,7%, Látrabjarg er í 29. sæti með 2% og 1,1% svarenda nefndu Jökulfirði sem hafna því í 47. sæti. Aðrir staðir á Vestfjörðum voru ekki meðal þeirra 50 sem tíðast voru nefndir. Niðurstöðurnar bygg- ja á 1.400 manna slembiúrtaki úr þjóðskrá og sá IMG-Gallup um framkvæmd könnunarinn- ar. Ferðamálaráð kannaði ferðavenjur Íslendinga síðast árið 2000. Í tilkynningu frá Ferðamálaráði segir að aukinn áhugi virðist vera á áfanga- stöðum á Vestfjörðum og á hálendinu. Þá kom fram að 70% aðspurða vilja ferðast meira innanlands. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar virðast Vest- firðir taka til sín frekar lítinn hluta innlendra ferðamanna. Af svarendum sem gistu á ferðalögum á árinu höfðu 18% gist á Vestfjörðum en 64% á Norðurlandi þar sem flestir höfðu gist. Færri höfðu gist á hálendinu eða 12,5%, á höfuð- borgarsvæðinu utan Reykja- víkur höfðu 4,9% gist og á Suðurnesjum 4,8%. Þó Vestfirðir sé sá staður sem flestir vilja helst heim- sækja eru einhverjir sem virð- ast ekki geta hugsað sér að heimsækja fjórðunginn. Þegar spurt var um hvaða landssvæði á Íslandi svarendum þætti mest spennandi að heimsækja og þeim gefinn kostur á að koma með opin svör sagðist einn vilja heimsækja „allt annað en Suðurnesin, Vestfirði og Austurland og annar svarenda nefndi „allt annað en Vestfirði. Einungis þrír áður nefndir landsfjórðungar voru sérstak- lega tilteknir sem staðir sem svarendur vildu ekki heim- sækja. Í opnum svörum nefndu margir Ísafjarðardjúp og ýmsa staði Hornstrandafríðlandi.

Starfsmenn leikskólans Bakkaskjól's draga uppsagnir sínar til baka

Setja sem skilyrði að nýráðinn leikskólastjóri láti af störfum

Starfsmenn leikskólans Bakkaskjól's sem sögðu upp störfum sínum 1. desember hafa dregið uppsagnir sínar til baka. Setja þeir fimm skilyrði fyrir áframhaldandi störfum við leikskólann og eitt af þeim er að nýráðinn leikskólastjóri Elín Þóra Magnúsdóttir láti af störfum. Forsaga málsins er sú að vegna breytinga í mannhaldi skólans við ráðningu Elínar hugðust bæjaryfirvöld segja upp einum starfsmanni leik- skólans. Starfsmennirnir töldu ekki efni til uppsagna m.a. vegna þess að á leikskólanum væru börn sem þyrftu sérstak- an stuðning. Í stað þess að einum starfsmanni yrði sagt upp ákváðu allir starfsmenn- irnir að leikskólastjóranum undanskildum að segja upp störfum. Þessi viðbrögð starfs- mannanna höfðu ekkert með ráðningu Elínar að gera. Fræð- slunefnd Ísafjarðarbæjar ákvað að taka uppsagnirnar gildar og ákvað í kjölfarið



Leikskólinn Bakkaskjól í Hnífsdal.

meta þörf á leikskólárymum innan Ísafjarðarbæjar og þá sérstaklega á Ísafirði og í Hnífsdal. Í viðtali við bb.is þann 9. desember sagði Halldór Hall- dórsson bæjarstjóri að viss misskilningur væri í málinu og að fundað yrði með starfs- mönnum um málið. Sam- kvæmt heimildum blaðsins hefur ekki orðið af þeim fundi ennþá af ýmsum ástæðum.

Fyrir nokkru sendu starfs- mennirnir bréf til bæjarstjórnar þar sem þeir tilkynna að þeir dragi uppsagnir sínar til baka. Í bréfinu setja þeir hinsvegar fimm skilyrði fyrir því að þeir geti starfað áfram á Bakka- skjóli. Óska þeir m.a. eftir því að viðurkennd verði sú skoðun þeirra að þörf sé á fleiri starfs- mönnum við skólann en bæjar- yfirvöld telja. Eitt af skilyrðum starfs-

mannanna fyrir áframhaldandi störfum er samkvæmt heimild- um BB að Elín Þóra Magnús- dóttir láti af störfum sem leik- skólastjóri. Á þriðjudagskvöld í síðustu viku var haldinn fund- ur um málið þar sem sátu auk starfsmanna bæjar og leik- skóla, Björg Bjarnadóttir for- maður félagas leikskólakenn- ara. Kom hún gagnert vestur til þess að sitja fundinn. Einnig sat fundinn fulltrúi frá félagi

opinberra starfsmanna á Vest- fjörðum. Björg sagðist vera ánægð með fundinn og það væri að sínu mati fullur vilji til þess að leysa málin á farsælan hátt. Halldór Halldórsson sagðist hafa trú á því að þessi fundur markaði nýtt upphaf í málinu og það væri sinn vilji að leysa málið næstu daga. Að öðru leyti vildi hann ekki tjá sig um málið. – hj@bb.is

RITSTJÓRNARGREIN

Heggur sá er hlífa skyldi

Prentsvertan á síðasta leiðara blaðsins, þar sem ráðherrar voru sagðir láta sig engu skipta yfirlýsta byggðastefnu ríkisstjórnarinnar, og komast upp með það átólulaust, var ekki þornuð þegar enn ein atlagan var gerð að Ísafirði, einum hinna mörkuðu byggðakjarna á lands- byggðinni: Ákvörðun l. þingmanns Norðvesturkjördæmis, Sturlu Böðvarssonar, samgöngu- ráðherra, um að færa yfirstjórn Vegagerðarinnar á Vestfjörðum í Borgarnes. Öll er tilurðin á einn veg: „Það hefur verið lítið svo á að allar svona hugmyndir ætti að ræða í þingmannahópi kjördæmisins,“ segir Jón Bjarnason, alþingismaður, sem hafði spurnir af málinu í fjölmiðlum. „Við fyrstu sýn stinga þessar breytingar í augu. Svo virðist sem þarna sé verið að gengisfella staði eins og Ísafjörð í starfsemi Vegagerðarinnar,“ segir Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður samgöngunefndar, sem vissi ekki hvað til stóð og kveður afar óheppilegt að samgönguráðherra skuli ekki hafa haft samráð við stjórnarþingmenn. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar kemur af fjöllum. Sjálfur á hann sæti í nefnd um endurskoðun vegalaga. Þar hefur ekki verið minnst einu orði á að slík breyting stæði fyrir dyr- um. Halldór segir réttilega, að hið nýja skipulag og ákvörðun samgönguráðherra séu ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda í uppbyggingu byggðakjarna á Ísafirði. „Svona gera menn

ekki,“ hefði einhvern tíma heyrst, af minna tilefni. Afsökun Vegagerðarinnar er að verið sé að aðlagla starfsemina að breyttu umhverfi, stækka einingar og „lögð (verði) áhersla á samræmingu með stöðluðu vinnulagi innan stofunarinnar,“ hvað sem það nú þýðir? Hvað hefur breyst? Er ekki Ísafjörður á sama stað og þegar ákveðið var að auka umfang Vegagerðarinnar þar? Er Borgarnes eitthvað betur staðsett nú en þá? Af hverju nota menn orðskrúð, líkt og vitnað er til hér að framan, til að fela sig á bak við? Af hverju segja menn ekki hreint út að það sé pólitísk ákvörðun að yfirstjórn Vegagerðarinnar skuli vera í Borgarnesi en ekki á Ísafirði? Þarf kannske meiri kjark til þess, en fyrir hendi er? Aðspurður segir vegamálastjóri að störfum eigi ekki að fækka á Ísafirði, en tekur jafnframt fram að ekki sé hægt að fullyrða hvað framtíðin beri í skauti sér! Við hverja halda þessir menn að þeir séu að tala, á tímum þegar handsöl og orð virðast einskis virt? Tveir þingmanna kjördæmisins hafa látið í ljósi efasemdir. Þögnin umleikur hina. Um- dæmisstjóri Vegagerðarinnar á Vestfjörðum segir pass. Ráðherrann verst fréttu þar til búið er að boða starfsmönnum Vegagerðarinnar fagnaðarerindið. Hver eru viðbröð hinna þingmanna kjördæmisins? Hvað gerir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar? BB er öllum opið. – s.h.

Sumarbústaður í Tungudal skemmdist í grjóthruni

Telur aukna snjóflóðahættu á svæðinu

Sumarbústaðurinn Hlíðar-
endi í Tungudal skemmdist í
síðustu viku í grjóthruni sem
vinnuvélar sem notaðar eru við
gerð nýs vegar upp á Selja-
landsdal, ollu. Tjón á bústað-
um mun vera nokkuð m.a.
laskaðist timburklæðning og
dæld er í þakjárn.

Bústaðurinn er í eigu fjöl-
skyldu Jóns Smára Valdimarss-
onar. Hann var ásamt móður
sinni að líta til með bústaðnum
á miðvikudag í síðustu viku

og sáu þau grjótið koma niður
hlíðina og inn í garðinn. Harð-
fenni var í Tungudal og því
lítið viðnám í hlíðinni. Jón
Smári segir einn hnallunginn
hafa komið í loftköstum og
brotið tröppur við verönd húss-
ins. Þá hafi annar steinn farið
inn í verkfæraskúr í garðinum
og skemmt gluggakarm en
engin rúða var í.

Jón Smári hafði samband
við verktakafyrirtækið Kubb
sem vinnur við vegagerðina

og segir þá strax hafa gert ráð-
stafanir til að koma í veg fyrir
grjóthruni. „Það var ekki gam-
an að vera þarna innfrá, hlíðin
var eins og rennibraut og grjót-
ið kom fljúgandi niður. Þetta
eru allt að fimmtíu kílóa stein-
ar“, segir Jón Smári.

Jón Smári segist hafa fengið
vilyrði verktakanna fyrir lag-
færingum á bústaðnum en hef-
ur áhyggjur af að undir nýja
vegstæðinu skapist aukin snjó-
flóðahættu. „Hættan er að



Jón Smári hefur áhyggjur af að mokstur á nýja veginum geti hrundið af stað snjóflóðum. Þegar farið verður að moka flóði. Við fengum flóð á hann sem fór af stað“, sagði Jón Smári Valdimarsson.

– kristinn@bb.is

Fylkir Ágústsson, einn af fyrrum forystumönnum sundíþróttarinnar á Ísafirði

„Sár og reiður“ yfir íþróttaumfjöllun í handbók Ísafjarðarbæjar

Fylkir Ágústsson, einn af
fyrrum forystumönnum sund-
íþróttarinnar á Ísafirði er bæði
sár og reiður vegna umfjöll-
unar um íþróttir í nýrri hand-
bók Ísafjarðarbæjar sem kom
út í síðustu viku. Hann segir
stjórnámálmenn bæjarins að-
eins muna eftir sundíþróttinni
í kringum kosningar og texti
handbókarinnar sé sönnun
þess. Í umfjöllun um íþrótt-
og æskulýðsmál í handbókinni

er hvergi minnst á sundíþrótt-
ina sem hefur staðið með
blóma á Ísafirði um árabíl en
sundlaugar sveitarfélagsins
talda upp. Fylkir segir að um
þessar mundir séu um fjörutíu
ár síðan sundmaður frá Ísafirði
vann fyrsta Íslandsmeistaratit-
ilinn.

„Síðan eru meistaratitlarnir
í yngri og eldri flokkum orðnir
um eitt hundrað. Íslandsmet
sem sett hafa verið eru um tvö

hundruð og eini ólympíufari
okkar Ísfirðinga á sumarólym-
píuleika var sundmaður. Þessi
árangur virðist ekki hafa skilað
sér til þeirra sem stóðu að gerð
þessa glansrits.“ Fyrstu eintök
handbókarinnar afhenti Birna
Lárusdóttir forseti bæjar-
stjórnar leikskólabörnum við
athöfn á leikskólanum Eyrar-
skjóli í síðustu viku.

„Það er auðvitað yfirþyr-
andi sýndarmennska að forseti

bæjarstjórnar skuli hafa farið
með þessa handbók og afhent
hana leikskólabörnum sem
flest eru ekki læs og því síður
að þessi handbók sé hugsuð

fyrir þau. Það hefði verið nær
að fara á fæðingardeildina með
útivistarreglurnar því það eru
ekki nema átta ár þangað til
þær nýtast þeim börnum. Ég

er bæði sár og reiður að sjá að
allt starf tugi eða hundruða
manna í kringum sundið skuli
ekki vera meira virt en raun
ber vitni“, sagði Fylkir.

Gjaldkeri hjá Ísafjarðarbæ

Ekki afraðið með ráðningu

Ekki hefur verið ákveðið
með hvaða hætti verður ráðið
í starf gjaldkera hjá Ísafjarðar-
bæ að sögn Halldórs Halldórs-
sonar bæjarstjóra. Búið var að
ráða í stöðuna en sá dró um-
sóknina til baka eftir fund með

forsvarsmönnum bæjarins fyr-
ir helgi.

Halldór segir að skoðun á
verkferlum fyrri ráðningar
standi ennþá yfir hjá bæjar-
yfirlöðum og því hafi ekki
gefist tími til þess að ákveða

framhaldið. „Ég mun hafa tal
af umsækjendum á næstu dög-
um og í framhaldi af því verður
tekin ákvörðun um hvað verður
gert“ sagði Halldór samtali
við blaðið.

– hj@bb.is

Aukið forskot í samkeppni

Stuðningur til vöruþróunar

Verkefnið *Vöruþróun* hefur það markmið að styðja fyrirtæki, á landsbyggðinni, í öllum atvinnugreinum til að þróa samkeppnishæfa vöru fyrir innanlandsmarkað eða til útflutnings.

Tilgangur verkefnisins er:

- Að aðstoða fyrirtæki við stjórnun vöruþróunarverkefnis
- Að vinna að faglegum úrlausnum við þróun vöru og markaðsmála
- Að koma vöru á markað innan 18. mánaða

Stuðningur til fyrirtækja sem verða fyrir valinu getur numið að hámarki 1.500.000 kr. eftir eðli og umfangi verkefnis og gegn a.m.k. jafn háu framlagi styrkþega.

Umsóknarfrestur er til **13. febrúar 2004.**

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á netsíðu þess: **www.impra.is**, eða hjá **Sigurði Steingrímssyni**, verkefnisstjóra Impru, **Glerárgötu 34, 600 Akureyri.**

impra nýsköpunarmiðstöð
læstærnistofnan
Glerárgötu 34 4h.
600 Akureyri
Sími 462 1700
Netfang: sigurdura@bb.is

Útsölu lok!

25% auka afsláttur af útsöluvörum

LEGGUR OG SKEL
fataverslun barnanna
Austurvegi 2, Sími 456 4070

JÓN og GUNNA
Austurvegi 2, Ísafirði, sími 456 3464





Hnífsdælingar blótuðu þorra

Hátt í 140 manns voru saman komnir í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöld á árlegu þorra-blóti Hnífsdælinga. Kvenfélagið Hvöt hafði veg og vanda að undirbúningi og framkvæmd blótsins sem nú var haldið í 56. skiptið. Jóna Valgerður Kristjáns-

dóttir, fyrrum alþingismaður, var veislustjóri kvöldsins. Boðið var upp á hreinræktuð hnífsdælsk skemmtiatriði að vanda og mæltust þau afar vel fyrir ef marka má viðbrögð gestanna í salnum. Þegar trogin voru tóm, og allir höfðu fengið nægju sína af

hlátri og spjalli við sessu-nautana, tók hljómsveitin Hjónabandið við og lék fyrir dansi fram á nótt. Þorsteinn J. Tómasson var á staðnum og tók meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is innan tíðar.
- kristinn@bb.is



Njóttu dagsins

Taktu flugið

Tryggið ykkur sæti í tíma!

Hafðu samband við Bergþóru eða Kristínu í síma 570 30 75
hopadeild@flugfelag.is

flugfelag.is

Árshátíðarslaufur
Starfsmannafélög, klúbbar, hópar...
Látið okkur hnýta árshátíðarslaufuna.

Litríkar og efirminnilegar árshátíðarslaufur til:
Akureyrar
Egilsstaða
Ísafjarðar
Reykjavíkur
Færeyja

Frábærir gæstgjafar. Gerum tilbúið í flug, gæðingu og hnífsdælskum veislu.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Snjóflóðaplógurinn við sorpbrennsluna Funa í Engidal

„Plógurinn hefur bjargað húsinu frá stórskemmdum“

„Stefna flóðsins virðist hafa verið beint í áttina að Funa. Miðað við skriðlengd flóðsins og stefnu er lítill vafi á að plógurinn hefur bjargað húsinu frá stórskemmdum“, segir Tómas Jóhannesson, sérfræð-

ingur á Veðurstofu Íslands, um snjóflóð sem féll ofan við sorpbrennsluna Funa í Engidal að farnótt 14. janúar sl. Tómas skoðaði flóðið sem hann segir hafa verið 30 þúsund rúmmetrar að stærð. Snjóflóðavörnin

ofan við Funa er V-laga og vísar stefnið upp í hlíðina en tveir armar beina flóðum út fyrir og inn fyrir sorpbrennslustöðina. Tómas segir meginflóðið hafa runnið niður með ytri garðinum og stöðvast að

mestu við eða skammt neðan garðsendans.

Snjótungan var 2-4 metrar að þykkt en erfitt er að greina hana á mynd. Þynnri tunga náði talsvert lengra eða niður fyrir veginn inn Engidal. Álfka tunga náði einnig niður með innri garðinum en mun skemur en sú ytri. Mikill hluti ytri

garðsins ofan við sjálfa meginflóðtunguna var þakinn 10-15 cm þykku snjó- og köggjalagi neðst, u.þ.b. 40 m frá stefni plógsins, en garðarnir voru nánast snjólausir fyrir flóðið að sögn Tómasar.

Ofan við varnargarðinn segir hann snjóflóðstunguna hafa verið allþykka og teygt sig alla

leið frá gilkaftinum og meira en 200 m leið niður að honum. Tómas segir engin ummerki hafa verið um að kófhögg hefði náð húsinu og valdið skemmdum á gluggum eða klæðningu. Varnargarðurinn ofan við Funa var reistur eftir að snjóflóð stórskemmdi sorpbrennslustöðina árið 1995.



Snjóflóðavarnargarðurinn ofan við Funa. Mynd: Tómas Jóhannesson.

Nýlegt þak sundlaugarinnar á Flateyri lekur

Ísafjarðarbær áskilur sér allan rétt til bóta

Ísafjarðarbær áskilur sér allan rétt til bóta vegna leka í þaki sundlaugarinnar á Flateyri sem var endurnýjað árið 2001. Stefán Brynjólfsson, byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur ritað hönnuði, verktaka og eftirlitsaðila verksins bréf þar sem óskað er skýringa á ástæðum lekans og tillögum að úrbætum. Framkvæmdum lauk haustið 2001 og segir Stefán að strax þá um veturinn hafi farið að bera á leka í þakinu yfir sundlaug-

inni. Hann segir skoðun á húsinu hafa leitt í ljós að mikill snjór hafi skafið inn á steypa loftplötu yfir 2. hæð og greinilega hafi mikill raki verið í rýminu.

„Þrátt fyrir að gripið hafi verið til ýmissa ráðstafana hefur ekki tekist að komast í veg fyrir lekann og er nú svo komið að þakið og útveggur við neðri brún þaksins liggja undir skemmdum. Það er ljós að þetta ástand getur ekki talist eðlilegt“, sagði Stefán.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. var fengin til að hanna nýtt þak á húsið og gera útboðsgögn á sínum tíma. Verkið var boðið út og var samið við Eirík og Einar Val hf. um framkvæmdina. Byggingarstjóri og húsasmíðameistari var Eiríkur Kristófersson. Samið var við Tækniþjónustu Vestfjarða um að hafa daglegt eftirlit með verkinu.

– kristinn@bb.is



Sundlaugin á Flateyri.

Hækkun atvinnutekna á Vestfjörðum

Undir meðaltali landsbyggðar

Atvinnutekjur á Vestfjörðum hækkuðu um 32,2% á milli árana 1998 og 2002 samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Á sama tíma hækka atvinnutekjur á landinu um 38,9%, á höfuðborgarsvæðinu um 39,9% og utan höfuðborgarsvæðisins um 36,6%.

Frá janúar 1998 til desember 2002 hækkaði launavísitala um 36,2%. Atvinnutekjur kvenna á landinu hækka á

þessum árum um 45,9% en karla um 37, %. Á sama tíma hækka atvinnutekjur kvenna á Vestfjörðum um 38,6% en karla um 31, %.

Á höfuðborgarsvæðinu hækka atvinnutekjur kvenna um 46, % og karla um 37,5%. Utan höfuðborgarsvæðisins hækka atvinnutekjur kvenna á þessum árum um 43,2% og karla um 35,8%.

– hj@bb.is

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ auglýsir eftir starfsmanni til starfa við innkaup, lagerhald og gæðamál. Um er að ræða stöðu innkaupastjóra stofnunarinnar og er um ábyrgðarmikið og krefjandi starf að ræða. Starfið gæti hentað sjúkraliða, hjúkrunarfræðingi eða öðrum með þekkingu á hjúkrunarvörum. Haldgóð þekking á innkaupum og rekstri er kostur. Innkaupastjóra er ætlað að starfa að gæðamálum í samstarfi við stjórnendur og starfsfólk einstakra deilda.

Um er að ræða 100% starf og reiknað er með ráðningu frá 1. mars nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi við-

Innkaupastjóri

komandi stéttarfélags og stofnanasamningi HSÍ.

Nánari upplýsingar gefur Ingibjörg Sigtryggsdóttir lagerstjóri (lager@fsi.is), í síma 450 4500 og Pröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri (throstur@fsi.is).

Vinsamlegast sendið umsóknir til **Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ**, Torfnesi, 400 Ísafirði, fyrir 22. febrúar nk. á eyðublöðum sem fást í afgreiðslu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Öllum umsóknum verður svarað er gengið hefur verið frá ráðningu.

Athugið að störf hjá stofnuninni eru auglýst á starfatorg.is.

Vestfirðingur

vikunnar



Góðar auglýsingar uppáhalds sjónvarps- efnið

Nafn: Elías Guðmundsson.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Ísafirði 1. febr. 1976.

Atvinna: Verslun Símans á Ísafirði.

Fjölskylda: Er í sambúð með Jóhönnu Þorvarðardóttur nema og svo er það drifjöðrin í fjölskyldunni, Daníel Viðar 6 ára.

Helstu áhugamál: Fjölskyldan, markaðsmál og útivist.

Bíreið: Subaru Impreza árg. 1997, klesstur eftir 15 tonna hjólastöflu.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Stærri Subaru.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Stærri.

Uppáhalds matur? Humar.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Mysingur.

Uppáhalds drykkur? Vatn og bjór. Hvoru tveggja við sínar aðstæður.

Uppáhalds tónlist? U2 og Cranberries standa upp úr en er samt alæta á tónlist.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Ég er ekki mikið fyrir íþróttadyrkun og hef aldrei staðið sérstaklega með einhverjum sérstökum.

Uppáhalds sjónvarpsfni? Góðar auglýsingar.

Uppáhalds vefsíðan? bb.is

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Rattle & Hum.

Fallegasti staður hérlendis? Snæfellsnesið.

Fallegasti staður erlendis? Veit ekki hver er fallegasti staðurinn en flottasti staðurinn er Las Vegas, á samt eftir að fara þangað.

Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei, og langt frá því.

Uppáhalds heimilistækni? Sjónvarpið, það er líka langmest notaða heimilistækni.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Að vera í góðra vina hópi.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Falskar persónur, því oftast bera þær það með sér.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Borða góðan mat og ligg svo á meltunni yfir sjónvarpinu.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Nei, engan leyndan, en ég á mér marga drauma sem mig langar að láta rætast.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Það var líklega þegar ég var í millilandaflugi og lenti í því að félagi minn missti kökblöndu yfir klofið á mér. Það þornaði þó á leiðinni en ég var í hvítum gallabuxum og því var útlitið ekki gott.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Ég treysti Halldóri 100% til þess að breyta því sem þarf að breyta. Hann er að gera það sem þarf að gera og gott betur..

Lífsmottó? Gera betur í dag en í gær.

Eignarhaldsfélag Ísafjarðarbæjar stofnað í Safnahúsinu

Fyrsta verkefni stjórnar að afla aukins hlutafjár

Eignarhaldsfélag Ísafjarðarbæjar stofnað á fundi í Safnahúsinu Eyrartúni í síðustu viku. Tilgangur félagsins er að taka þátt í stofnun og starfsemi annarra félaga sem rekin eru á grundvelli arðsemissjónarmiða, fela í sér nýmæli í atvinnulífi og eða eru mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífs í Ísafjarðarbæ. Fjárfestingar verða í samræmi við fyrirfram mótaða fjárfestingarstefnu sem hefur fagleg vinnubrögð, arðsemi fjárfestinga og áhættudreifingu að leiðarljósi, eins og segir í tilkynningu. Félagið mun fjárfesta í hlutabréfum eða skuldaþréfum sem eru breytanleg í hlutafé.

Fyrsta verkefni stjórnar verður að afla félaginu aukins hlutafjár til viðbótar við þær 40 milljónir sem Ísafjarðarbær hefur ákveðið að leggja félag-



Frá stofnfundi Eignarhaldsfélagsins í Safnahúsinu.

inu til. Í því skyni verður leitað til opinberra aðila, banka, fyrirtækja og fagfjárfesta.

Í stjórn félagsins sitja Guðni Einarsson, formaður stjórnar, Sigurjón K. Sigurjónsson, varaformaður, og Björn Dav-

íðsson. Varamenn í stjórn eru Guðrún Anna Finnbogadóttir, Fylkir Ágústsson og Kristín Hálfðánsdóttir.

Stofnfundinn sátu auk stjórnarmanna félagsins, atvinnumálanefnd Ísafjarðar-

bæjar, Halldór Halldórsson bæjarstjóri, Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Rúnar Karlsson, atvinnu- og ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar. – kristinn@bb.is

Söngvarakeppni Vestfjarða

Fjórir þátttakendur eftir

Fjórar ungar söngkonur halda áfram í Söngvarakeppni Vestfjarða eftir aðra umferð sem haldin var í Hömrum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar á síðustu viku, og segir Benedikt Sigurðsson, einn skipuleggjenda, að hús- ið hafi nánast sprungið utan af keppninni, svo mikill var

áhorfendafjöldinn. Sex keppendur spreyttu sig á lögum kenndum við Motown útgáfuna bandarísku. Dómnefnd valdi þær Sunnevu Sigurðardóttur, Dagný Hermannsdóttur, Önnu Birtu Tryggvadóttur og Lindu Pétursdóttur til að halda áfram en Jóhann Frimann Rúnars-



son og Guðmunda Gestsdóttir urðu frá að hverfa. Söngkonurnar mæta aftur á síðasta undanúrslitakvöldið í

Hömrum á föstudag. Þá mun ein þeirra falla úr keppni en þrjár mætast síðan á lokakvöldinu. – kristinn@bb.is

Guðrún Jónsdóttir íbúi í Hnífsdal skrifar

Það virtist stormur í vatnsglasi er orðinn harmleikur

Sú staða sem komin er upp í leikskólanum Bakkaskjólí í Hnífsdal er skelfileg. Það sem í upphafi virtist stormur í vatnsglasi er orðinn harmleikur. Ég ætla ekki að tíunda aðdraganda heldur aðeins að fjalla um málið eins og það snýr að mér og lýsa vonbrigðum mínum með gang mála. Í upphafi aðventu sendum við foreldrar bréf til bæjarstjóra og fræðslufirvalda þar sem við óskuðum eftir því að málið yrði leyst á farsælan og friðsaman hátt. Í framhaldi af því talaði ég við bæjarstjóra og hann tjáði mér að hér væri í raun um misskilning að ræða milli fyrrverandi leikskólustjóra og starfsmanna Skóla-



Guðrún Jónsdóttir.

og fræðsluskrifstofu um stöðugildi.

Ef hér var aðeins um misskilning að ræða, hvers vegna í ósköpunum var málinu þá

ekki kippt í liðinn? Aðventan leið, nýtt ár gekk í garð og tæpir tveir mánuðir liðu áður en nokkuð gerðist í málunum, allavega eins og það snéri að okkur foreldrunum og börnunum okkar. Hins vegar skynjuðum við versnandi ástand á leikskólanum, það var þvingað og greinilegt að starfsfólki leið ekki vel.

Mér er spurn, hversvegna gerði bæjarstjóri ekkert í málunum fyrr en allt var komið í óefni? Hér er ekki lengur um málefni að ræða, stöðugildi, ofmönnum eða undirmönnum heldur manneskur. Ég lít á þetta sem hreina aðför að skólanum og börnunum okkar og tel að fræðslufirvöld sem

og bæjarstjóri hafi ekki unnið vinnuna sína sem skyldi.

Við búum í litlu samfélagi og hver manneskja er mjög mikilvæg. Það er einlæg ósk mín og von að hlutaðeigendur allir leysi vandann strax og á þann hátt að fleiri skaðist ekki og umfram allt, hafi ekki frekari áhrif á börnin okkar, þannig að þau megi áfram búa við öryggi og ástúð á Bakkaskjólí. Það skal tekið fram að ég skrifa ekki sem fulltrúi foreldra heldur aðeins sem móðir tveggja barna á Bakkaskjólí þar sem þeim líður ákaflega vel í umsjón góðra kvenna.

Guðrún Jónsdóttir, Hnífsdal.

**Gerist áskrifendur
í síma 456 4560**

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

**Hef til sölu
fasteignir víða
á Vestfjörðum**

**Allar nánari upplýsingar
eru veittar á skrifstofu**

Matvælaiðnaður greiðir rúmlega þriðjung launa á Vestfjörðum

Iðnaður stendur að baki tæpum helmingi tekjuskatts lögaðila

Matvæla- og drykkjarvöru- iðnaður skilaði 34% þess tryggingagjalds sem greitt var af launum á Vestfjörðum á árinu 2002. Þetta kemur fram í staðtölum skatta sem birtar eru á heimasíðu Ríkisskattstjóra. Alls greiddu fyrirtæki í þessum flokki 144 milljónir í tryggingagjald sem jafngildir launagreiðslum upp á u.þ.b. 2,6 milljarða króna. Næst stærsti launagreiðandinn í fjórð-

ungnum er opinber stjórnsýsla og almannatryggingar með 17% launagreiðslna. Þá koma fiskveiðar með 14,3%, heilbrigðis- og félagsþjónusta 7,5%, verslun og ýmis viðgerðarþjónusta 5,2% og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð greiðir 4,4% tryggingagjalds í umdæmi skattstjórans á Vestfjörðum. Alls skiluðu fyrirtæki og stofnanir í fjórðungnum 423

milljónum í tryggingagjald sem jafngildir launagreiðslum upp á 2,2 milljarða króna. Ef skoðað er hvaða atvinnugreinar gjalda keisarann mest í tekjuskatt kemur í ljós að fjórða hver króna kemur frá fiskveiðum. Iðnaður stendur að baki tæpum helmingi tekjuskatts lögaðila á Vestfjörðum eða 47,4%. Þar af er matvæla- og drykkjariðnaður 20,3%. Málmiðnaður greiðir

16,4% tekjuskattsins og vélsmíði og vélaviðgerðir 9,8%. Samtals greiða fyrirtæki á því sviði 26,2% af tekjuskatti lögaðila í fjórðungnum en standa að baki 4,2% launagreiðslna. Ef vægi einstakra atvinnugreina í launagreiðslum á Vestfjörðum er borið saman við landið í heild kemur í ljós að fiskvinnsla og iðnaður, þá sérstaklega matvælaiðnaður, er hlutfallslega mun umfangs-

meiri í fjórðungnum en á landsvísu. Fiskveiðar greiða 4,9% tryggingagjalds á landsvísu og iðnaður samtals 17,39% þar af matvæla- og drykkjariðnaður 8,74%. Opinber stjórnsýsla og almannatryggingar eru einnig veigameiri hluti vinnumarkaðarins á landsvísu en á Vestfjörðum með 26,3% tryggingagjaldsins. Hótel- og veitingahúsa-

rekstur skilar 2% tryggingagjaldsins á landsvísu en 0,9% á Vestfjörðum. Samgöngur og flutningar greiða 7% tryggingagjaldsins á landinu öllu en 1,5% á Vestfjörðum. Þá má nefna að landbúnaður er veigaminni launagreiðandi á Vestfjörðum en á landsvísu með 0,14% tryggingagjalds borið saman við 0,38% á landsvísu. – kristinn@bb.is

Spiluðu knattspyrnu í sól-arhring í fjáröflunarskyni

Leikmenn meistara-flokks og 2. flokks BÍ léku knattspyrnu samfelt í sól-arhring frá kl. 17 á föstudag til kl. 17 á laugardag í íþróttahúsinu á Flateyri. Tilgangur maraþonsins var að afla fjár vegna æfingar- og keppnisferðar sem liðið hyggur á til

Danmerkur um mánaða-mótin mars-apríl. Knattspyrnumennirnir höfðu gengið í hús og fyrirtæki að safna áheimum og fengu góðar viðtökur að sögn Hauks Benediktssonar í meistaraflokki BÍ, sem vildi koma á framfæri þökkum til bæjarbúa.

Haukur segir maraþonið hafa tekið á en það eigi vafalítið eftir að skila sér í betra formi leikmanna næsta sumar. „Strákarnir munu fá góða upphitun og reynslu úti í Danmörku sem á vafalaust eftir að koma sér vel á næstu leiktíð“, sagði Haukur.



Knattspyrnumennirnir sem tóku þátt í maraþoninu í íþróttahúsinu á Flateyri.



Aðalleikkonurnar Gunna Sigga, Hulda Lind og Anna Sigga í hlutverkum sínum.

Fjalla um breskar fiskvinnslustúlkur á Suðureyri í leikriti

Leikritið „Ísaðar gellur“ frumsýnt á föstudag

Litli leikklúbburinn á Ísa-firði frumsýnir á föstudag leikritið „Ísaðar gellur“ eftir Paul Harrison. Verkið fjallar um þrjár breskar stúlkur koma til Íslands og fara að vinna í fiski í litlu þorpi á Vestfjörðum, nánar tiltekið á Suðureyri, samskipti þeirra sín á milli og við verkstjóran. Leikritið

þykir mjög fjörugt og líflegt, drepfyndið og alvarlegt í senn. Fimm leikarar taka þátt í sýningunni, bæði reyndir áhugamenn og fólk sem hefur aldrei stigið á svið áður. Samtals kemur á annan tug starfsmanna að uppsetningunni. Leikritið verður sýnt í Sundatanga við Sundahöfn.

Óhætt er að segja að leikhúsið hæfi efninu vel en beitning og fiskvinnsla fer fram á jarðhæð hússins undir leiksalnum og þar er einnig starfræktur fiskmarkaður. Ísaðar gellur er 74. verkefni Litla leikklúbbsins og annað stykkið félagið setur upp á þessu leikári. – kristinn@bb.is

NÁMSKEIÐ

Skráning er hafin

Boðið verður upp á námskeið í harðangri, bútasalum, orkeringu, þæfingu, ísetningu á milli-verki og jólaföndri ef næg þátttaka fæst.

baðstofan

Silfurgötu 6 • Sími 456 4229

Sagt er að mannskepnan sé í eðli sínu safnari. Það sé arfur frá þeim tíma þegar menn drógu björg í bú og urðu að gera það til að halda lífi. Safna þurfti mat og eldivið þegar færi gafst og geymt var til seinni tíma þegar vel aflaðist. Í þjóðfélagi allsnægta hefur söfnun mannsins komið fram í öðrum þáttum. Margir safna hlutum af ýmsu tagi. Algengt er að menn safni mynt og frímerkjum. Frægar voru leikaramyndirnar. Hver man ekki skiptimarkaðinn sem haldinn var í Kaupfélagsganginum fyrir bíósýningarar á sunnudögum. Þar komu krakkar saman og skiptu á leikaramyndum. Ekki man blaðamaður hver var verðmæstastur. Af einhverri ástæðu man ég ávallt eftir Dan Block. Hvar hann gat sér frægðar fyrir leik sinn man ég ekki. Því síður man ég af hverju ég hélt upp á hann. Kannski vegna þess að hann var þéttur á velli. Ég treysti mér aldrei til þess að láta myndir af honum af hendi. Sama hvað í skiptum var. Roy Rogers var þar meðtalinn.

Eins og áður sagði safnar fólk ýmsum hlutum. Nú nýverið var haldin sýning syðra þar sem margar þjóðkunnar persónur stigu fram í sviðsljósið sem safnarar. Þeirra á meðal var Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti. Hún hefur um langt árabil safnað postulínsstytum af móður og barni. Einn af þeim sem eiga söfnun að áhugamáli er Ingvar Anton Antonsson sjómaður á Ísafirði. Hann er fyrir nokkru kominn í land og starfar í Netagerð Vestfjarða. Ingi Toni eins og flestir kalla hann safnar barmmerkjum og pennum. Merkjunum hefur hann safnað í hálföld. Hann féllst á að ræða þetta áhugamál sitt við blaðamann BB.

– Hvenær hófstu söfnunina?

mum úr bíónum. Systur mínar voru grimmar í þeirri söfnun. Síðan voru margir sem söfnuðu servíettum. Ég lét mér hinsvegar nægja merkin enda alveg nóg fyrir einn mann.“

– Nú var þjóðfélagið öðruvísi í þá daga. Var mikið gert af barmmerkjum á þessum árum?

„Já, það var glettilega mikið gert af því. Á helstu hátíðisdögum voru alltaf gefin út merki. Mun meira en nú er. Einnig voru þau með ártali á. Það er hlutur sem mikil afturför hefur orðið í. Nú selja allskyns félagasamtök merki ár eftir ár en hafa ekki ártal. Það er ekki verið að hugsa um okkur vitleysingana sem erum að safna. Það er það sem gefur söfnuninni gildi að breyting



um bransa. Mest eru auðvitað eftirsótt merki horfinna félaga eða fyrirtækja. Þetta er fljótt að hverfa.“

– Þegar við horfum til okkar nágrennis. Hafa margir aðilar hér látið framleiða merki?

„Já, það hefur verið nokkuð um það í gegnum tíðina. Togarafélagið Ísfirðingur lét á sínum tíma búa til merki sem í dag er mjög sjaldgæft. Það á ég og það er mjög eftirsótt. Fleiri fyrirtæki má nefna. Norðurtangann, Pólinn og Flugfélagið Ernir. Verkalýðsfélögin gerðu það líka að ógleymdum merkjum sveitarfélaganna eins og Ísafjarðarmerkið. Síðan auðvitað íþróttafélögin, Hörður og Vestri ásamt nýrri félögum eins og BÍ88. Knattspyrnufélagið Hörður gaf að því er ég held fjögur merki. Fyrsta merkið sem var bláhvítt á ég ekki en hin þrjú á ég. Vestri gaf út þrjú merki sem ég á öll. Heiðursmerki íþróttafélaganna hef ég að mestu látið vera. Þau eru nokkur en einhvers staðar verða menn að setja mörkin.“

– Þegar þú hefur verstur í söfnuninni varstu þá hringjandi útum víðan völl til þess að falast eftir merkjum?

„Já, auðvitað gerði maður það. Stórtækust var þó Hrönn dóttir mín. Hún sendi á sínum tíma 7-800 fyrirtækjum bréf þar sem hún lýsti mér sem gömlum sjómanni með söfnunaráráttu. Það voru feiknaleg viðbrögð við þeim bréfum og það hrúguðust merki til mín.Þá voru nú pennarnir komnir til sögunnar og ég fékk mikið af þeim.“

Pennasöfnun

Safnar öllu nema þer

– viðtal við Ingvar Anton Antonsson, sjómann með söfnunaráráttu

„Það var 1953 sem ég fékk mína fyrstu delli. Þá var ég þrettán ára og ekki fermdur. Mér þóttu barmmerkin falleg og trúlega hef ég verið glysgjarn. Mér fannst þau vera mikið fyrir augað. Ég var í nokkuð mörg ár í fyrstu rispunni og safnaði grimmt.“

– Voru margir sem söfnuðu barmmerkjum á þessum árum?

„Nei, ég vissi nú ekki um neinn þá en síðar komst ég að því að Málfríður Halldórsdóttir hafði þá um nokkurn tíma safnað slíkum merkjum og einnig byrjaði Jón Hjörtur, (Kæi) vinur minn, um svipað leyti söfnun en hann hætti fljótlega. Hann var ekki eins vitlaus og ég að halda áfram.“

– Var ekki algengara á þessum árum að krakkar söfnuðu frímerkjum?

„Nei það var það ekki. Það var hinsvegar mjög mikið um að krakkar söfnuðu prógröm-

verði milli ára. Mér finnst of mikil flatneskja í dag í merkjaútgáfunni hvað það varðar. Ég er til dæmis fúll út í félagamína hjá sjómannadeginum að vanda ekki betur til merkjaútgáfu í kringum þann hátíðisdag.“

– Þú fórst ungur á sjóinn. Var ekkert erfitt að standa í þessari söfnun samhliða sjómenskunni?

„Ég byrjaði 1955 á sjónum og hélt söfnunni áfram þrátt fyrir að ég væri kominn á sjóinn. Sum árin safnaði ég nú minna en önnur eins og gengur. Aldrei kom hinsvegar til þess að ég tímdi að láta merkin frá mér. Það kom bara ekki til greina. Svo komu tímabil sem ég fékk kast og tók rispur.“

Áhugamál einverunnar

– Er þetta ekki áhugamál einverunnar. Eru menn ekki

einir að hokrast í þessu?

„Það er nú misjafnt milli manna. Það er starfandi félag safnara og ég er þar félagsmaður. Í gegnum það félag hef ég kynnst nokkrum föllnum söfnurum. Sá alharðasti er Jóhannes Friðriksson á Siglufirði. Hann hringir oft og við skiptumst á upplýsingum og stundum á merkjum. Fleiri menn hef ég verið í sambandi við en mest er það við Jóhannes. Hér eru að vísu nokkrir í bænum sem ég hef grunaða um að safna merkjum. Menn eins og Sigurður Th. Ingvarsson og Pétur Sigurðsson hef ég grunaða um að eiga góð söfn en ég hef ekki fengið það staðfest.“

– Verður þetta að ástríðu?

„Já, hjá sumum. Ég hef hinsvegar getað haldið sonum í þessu. Hef getað stundað mína vinnu. Margir eru verri en ég í þessu.“

– Eru þessi betri merki fram-

leidd á Íslandi?

„Já, aldeilis. Það eru framleidd góð merki á Íslandi. Hjá einum framleiðanda syðra geturðu látið framleiða eftirlíkingar af merkjum sem þig vantar ef þér líður illa yfir vöntuninni. Þannig að það er allt til í þessum bransa.“

– Er mikið um að fólk sé að skiptast á skoðunum og spyrja um merki?

„Já, maður lifandi. Það er óskaplega mikið gert af því. Ef menn eignast merki er það fljótt að spyrjast út og þá hringja menn og athuga hvort maður hafi hugsanlega eignast tvo sömu gerðar og sé til í að láta annað. Um daginn hringdi í mig gamall Dýrfirðingur sem var að velta fyrir sér kaupum á heilu safni og var að fá ráð við verðlagningu safnsins.“

– Hefur þú keypt mikið af merkjum í gegnum tíðina eða hefurðu fengið þau flest gefins?

„Ég hef keypt nokkurn hluta af mínum merkjum. Sérstaklega þegar ég hef verið hvað verstur í dellunni. Þá kaupir maður mest hjá Magna í Reykjavík og einnig í Kola-portinu. Það eru þá merki sem maður telur sér trú um að manni vanti inni og þá slær maður til. Þau eru nú ekki mjög dýr hvert um sig. Ætli maður sé ekki að kaupa merkið á 500 til 1000 krónur. “

Sjaldgæf merki

– Gera menn sér grein fyrir hvaða merki séu sjaldgæf?

„Já, það vita menn nokkuð glögg. Þau sem mest er spurt um í dag eru afmælismerki frá SÍS veldinu sáluga. Af einni gerðinni átt ég tvö eintök og lét Jóhannes Siglfirðing hafa annað. Nokkrum dögum síðar fóru menn að hringja og héldu að ég ætti mörg fleiri. Það flýgur fljótt fiskisagan í þess-

– Þegar pennar eru nefndir til sögunnar rifjast upp atvik fyrir blaðamanni. Í fljótræði lét hann einu sinni merkja penna með nafni fyrirtækis sem hann starfaði hjá og nokkrum dögum síðar voru símalínur fyrirtækisins rauðglóandi því pennasafnarar frá öllu landinu hringdu og báðu um penna. Kannast Ingi Toni við svona uppákomur.

„Já, maður lifandi. Þetta er algengt. Þetta fréttist svo fljótt. Sérstaklega eftir að netið kom til sögunnar. Pennasafnarar eru öllum söfnurum hardari að verða sér úti um eintak. Einn sá alharðasti í þeim bransa er brottfluttur Ísfirðingur, Jónas Jónsson sonur Jóns Helgasonar matsveins. Hann á trúlega eitt stærsta pennasafn á landinu.“

– Hvernig kom það til að þú byrjaðir í pennunum?

„Það var nú þannig að Gerður dóttir mín var að safna þeim

og ég aðstoðaði hana við það. Þegar hún síðan flytur að heiman og suður ætlaði hún að henda safninu en ég stræk- aði og tók við söfnuninni og hef haldið henni við síðan. Það safn hefur vaxið hröðum skref- um og nú skipta pennarnir þús- undum. Það safn er líka betur skipulagt því Hrönn dóttir mín flokkaði þá mjög vel og ég hef haldið því við síðan. “

– Það er auðvitað mikil vinna að halda þessum söfnum vel flokkuðum og aðgengileg- um?

„Já, það er svakaleg vinna og ég veit hreinlega ekki hve- nær ég kemst til þess að koma góðu skipulagi á merkjasafnið. Það verður alveg svakaleg vinna. Úlfar Ágústsson, sem er nú að skipuleggja Siglinga- daga í sumar, nefndi við mig um daginn hvort ég væri ekki til í að halda sýningu á hátíð- inni á merkjum og pennum og þessa dagana er ég að velta því fyrir mér hvort ég eigi að nenna því að leggja það á mig að gera söfnin aðgengileg fyrir aðra. Það verður alveg gríðar- leg vinna. Ég er að gæla við þessa hugmynd en ég veit ekki hver niðurstaðan verður. Draumurinn er auðvitað að geta sett merkin skipulega í ramma en það er tímafrekt og mjög dýrt. Einnig veit ég ekki hvernig hægt væri að stilla öllum mínum pennum upp. Það yrði endalaus röð. Þetta kemur allt í ljós.“

– Hefurðu haldið þig við þessa svokölluðu einnota penna í þinni söfnun?

„Nei, aldeilis ekki. Ég safna öllum mögulegum pennum. Bæði fínum og ófínum. Ég hef reynt að nálgast penna sem

um áður var Ingi Toni þátttak- andi í söfnun á tónum vín- flöskum í tækjasal Norður- tangans. Ég bið hann að rifja það upp.

„Já, það var nú þannig að bræður mínir þeir Bjartur og Villi Gilli voru að vinna í tækjasal Norðurtangans ásamt fleiri góðum mönnum. Þá datt einhverjum þeirra í hug að byrja að safna miðum af vín- flöskum. Miðarnir voru síðan límdir á einn veggja salarins. Fljótlega varð þetta mikið safn miða. Eins og með aðra vit- lausa söfnun þá bárust fréttir af þessum tiltæki þeirra um víðan völl. Komu margir við hjá þeim í tækjunum og gáfu þeim miða í safnið. Einn af áhugasömustu mönnunum um þetta tiltæki var Högni Torfa- son blaðamaður og ritstjóri sem hér bjó um nokkurra ára skeið. Hann ferðaðist víða og kom ávallt með flöskumiða í farteskinu til baka. Vegna breytinga varð þessi veggur að víkja og þar hvarf þetta safn. Skömmu eftir að miða- safnið varð að hverfa tók ég mér frí á sjónum og fór að vinna í tækjunum með bræðr- um mínum. Menn sáu mikið eftir þessu miðasafni og ræddu það sín á milli að byrja söfnun að nýju. Fóru menn að víða að sér flöskum með miðum og skyndilega breyttist þetta í söfnun vínflaskna. Tónum að vísu.

Settar voru upp hillur upp um alla veggja tækjaklefans og áður en varði var þetta safn orðið risastórt. Þetta naut mik- illa vinsælda og þegar best lét leið varla sá dagur að sumri til að ekki stoppuðu bílar fyrir utan og inn kom ferðafólk til



Ingi Toni við hluta merkjasafns síns.

Gengið á mann og annan

– En hvernig er að vera með svona söfnunarárættu. Ertu með hugann við þetta til dæm- is þegar þú ert á ferðalögum?

„Nei, ekki nú orðið. Það var verra áður fyrr. Þá fékk maður hreina og klára delli á köflum. Ef ég sá mann með merki í barminum sem ég átti ekki þá bara klæjaði mér í fingurna. Ég bara varð að ná merkinu. Ég sveif yfirleitt á mennina og sagði þeim frá áhugamáli mínu og falaðist í framhaldinu eftir merkinu. Undantekningalítið tóku menn þessum skrítna karli vel og yfirleitt hafði ég erindi sem erfiði. Ég var að vísu feimnari við þetta í út- löndum. Síðan voru margir vina minna að hjálpa mér í þessari söfnun minni.

Góð er sagan af Sigþóri vini mínum Sigurðssyni sem lengi var bátsmaður á Guðbjarti. Hann gekk svo hart fram í pennasöfnun í mína þágu að Gerður konan hans var farin að neita að fara með honum inn í hús eða á veitingastaði nema að hann gæfi hátíðlegt loforð um að hnupla ekki pennum né að biðja starfsfólk um að gefa sér penna. Svona gátu menn nú gengið hart fram.“

– Það er algengara að menn safni pennum er það ekki?

„Jú, þeir eru mun fleiri enda mikið framléitt af fyrirtækja- pennum í dag heldur en góðum barmmerkjum. Það er líka auð- veldara að nálgast þá.“

– En hvaða merki hafa verið erfiðust viðureignar að ná í?

„Ætli það hafi ekki verið SÍS merkin sem ég nefndi áð- an. Þau voru erfiðust. Ég tókst mjög lengi á við SÍS merki sem Guðjón gamli í fiskbúð- inni í Norðurtanganum hafði í barminum. Ég held að hann hafi í rauninni bara verið með það í barminum til þess að stríða mér. Ég bað hann í hvert skipti sem við hittumst að láta mig hafa merkið. Við hittumst



Tvö af merkjum Inga Tona. Það efra er fyrsta erlenda merkið sem hann eignaðist. stundum oft á dag á þeim árum sem ég vann í landi í Norður- tanganum. Á endanum gaf hann sig blessaður og lét mig hafa merkið. Tilviljanirnar geta verið skemmtilegar því nokkrum dögum eftir að Guð- jón blessaður gaf mér sitt merki barst mér annað eins í hendur algjörlega áreynslu- laust þannig að það eru skin og skúrir í þessum bransa. Í staðinn fyrir að sárvanta merki einn daginn þá gat ég þann næsta gefið frá mér þetta sjald- gæfa merki og um leið glatt mikið þann sem ég lét það hafa.“

Gaf Ármann út merki?

– En hvaða merki vantar þig sárlegast nú?

„Það er nú ekki neitt þannig í dag að mann sárvanti ákveðin merki. Ég hef nú reyndar lengi leitað að merki Ármanns í Skutulsfirði. Mér finnst að ég hafi einhvers staðar séð það en það kannast enginn við að það hafi verið framléitt. Þann- ig að ef einhver veit um hvort það hafi verið framléitt þá væri auðvitað gott að vita af því. Síðan hefur mig alltaf langað til að eignast bláhvíta Harðar-

merkið sem einu sinni var gert. Það hefur mig lengi langað til að eignast eins og auðvitað öll þau merki sem gefin hafa verið út á Ísafirði í gegnum tíðina. Svo hefur maður stundum lent í því að vera að hugsa mig um hvort ég ætti að kaupa ákveðið merki í búðinni hjá honum Magna. Þá hef ég fengið mér göngutúr um Laugavegin og þegar ég hef snúið til baka til þess að kaupa þá hefur það verið farið í millitíðinni. Það sannar það að ekki borgar sig að hugsa sig mikið um. Maður verður að stökkva á hvert það merki sem maður sér ef maður vill vera öruggur. Þannig er það nú.“

– Nú ertu búinn að safna merkjum í hálfa öld. Manstu hvað var þitt fyrsta merki og áttu þér uppáhaldsmerki?

„Já, það man ég nákvæm- lega. Fyrsta merkið sem ég eignaðist var forkunnarfagurt

merki sem gefið var út 17. júní 1944. Það merki á ég enn- þá og 17. júní merkin öll skipa heiðursress í mínu safni. Í minni fyrstu siglingu til út- landa, nánar til tekið til Þýska- lands, keypti ég þrjú merki. Tvö þeirra eru nú glötuð en það þriðja held ég óskaplega mikið upp á. Það að maður skuli halda mest upp á fyrstu merkin sín segir kannski allt sem segja þarf um svona delli. Það hefði kannski verið and- skotans nóg að eiga bara þessi tvö merki og láta önnur í friði. En svona er lífið.“

Í hugum margra er safnarinn hæglátur, fölleitur einbúi og yfirleitt er tóbaksdósin ekki langt undan. Þegar maður hef- ur setið stund með Inga Tona kemst maður að því að ekkert er fjarri sanni. Safnari er venju- legur maður. Eins og ég og þú.

–Halldór Jónsson.



Fágæt merki úr safni Inga Tona.

ningum

fyrirtæki hér hafa látið merkja til gjafa og gengið það vel. Þar vantar þó aðeins á safnið. Til dæmis er ég lengi búinn að leita að penna sem Hrönn hf. gaf fyrir nokkrum árum en það hefur ekki tekist. Einnig glat- aðist hjá mér forláta penni sem Norðurtanginn gaf á sínum tíma. Það er nú slæmt að vera ekki skárri en þetta í söfnun- inni að tapa af því sem næst manni er. Það er náttúrulega klikkun.“

– Þig langar ekki að bæta við þig söfnunaráhugamáli. Safna frímerkjum til dæmis?

„Nei, hjálpi mér það vona ég að verði aldrei. Ég hefði ekki þolinmæði í að safna þeim. Þá yrði ég fyrst brjálað- ur. “

Að safna vínflöskum.

Nú geng ég á Inga Tona og þá kemur í ljós að hann er nú með aukasöfnun í kveikjurum og litlum vínflöskum. Þegar vínflöskur eru nefndar rifjast upp fyrir blaðamanni að á ár-

þess að berja augum þessa ein- kennilegu samsetningu. Frystitækjasalur þar sem vegg- ir voru þaktir vínflöskum af öllum stærðum og gerðum. Þetta var auðvitað svakaleg bilun en sýnir hvernig þessi söfnunarbaktería getur brotist út í einkennilegum myndum.

Í upphafi söfnuðum við bæði flöskum og fleygum. Eitt sumarið var haldin útihátíð í Skálavík. Það barst út meðal unga fólksins sem vann í Norð- urtanganum að leitað yrði á öllum gestum sem kæmu á svæðið. Úr vöndu var að ráða en svo barst sú frétt að auð- veldast væri að smygla inná svæðið víni í fleygum. Það þýddi auðvitað aðeins eitt. Á einum eftirmiðdegi hurfu flest- ir fleygarnir úr safninu. Í kjöl- farið var ákeðið að hætta söfn- un þeirra. Það væri greinilega of áhættusamt. Við höfðum nú lúmskt gaman af þessari sjálfsbjargarviðleitni unga fólksins. Menn kunnu að bjarga sér í þá daga.“

Hörður Guðmundsson eigandi Oddaflugs

Kannast ekki við að hafa keypt bréf í Flugleiðum

„Okkur hjónunum brá í brún þegar við lásúm að við værum búin að kaupa rúm 38% í Flugleiðum,“ segir Hörður Guð-

Búist við fjölmenni

Stútungur, hinn árlegi fagnaður á Flateyri, verður haldinn í 70. skiptið í íþróttahúsinu á laugardagskvöld. Konráð Guðbjartsson, einn skipuleggjenda, segir fjölda manns þegar hafa skráð sig til leiks en skemmtunin er iðulega fjölsótt bæði af Flateyringum og öðrum Vestfirðingum. „Ég veit ekki hversu marga er hægt að taka til viðbótar en við látum reyna á það.“ Á hlaðborði á Stútungi verða bæði þjóðlegir réttir sem einkenna þorran og „venjulegur“ matur fyrir þá sem ekki eru hrifnir af súrmetinu. Að loknu borðhaldi og skemmtiatriðum leikur hljómsveitin Unaðs-dalur fyrir dansi fram á nótt. – kristinn@bb.is



Hörður Guðmundsson. mundsson, flugmaður og eigandi Flugfélagsins Ernis, en Hörður og eiginkona hans eru skráðir eigendur félagsins Oddaflug ehf., sem skráð hefur verið í firmaskrá allt frá árinu 1989. Eins og fram hefur komið hefur Eignarhaldsfélagið Oddaflug ehf., í eigu Fjárfestingarfélagsins Primusar ehf., keypt 38,48% hlut í Flugleiðum. Hörður er ekki sáttur við ef hægt er að skrá annað félag undir sama nafni með þessum hætti í opinberum firmaskrá. „Oddaflug er félag sem við stofnuðum árið 1989 og átti flugvél sem við

vorum með í rekstri bæði hér heima og erlendis í nokkur ár. Við gerum upp fyrir þetta félag á hverju ári,“ segir Hörður. Hann kveðst strax hafa leitað skýringa hjá Fyrirtækjaskrá hvernig á því stæði að annað félag með sama nafni hefði verið skráð en fékk þau svör að hið nýja félag væri ekki komið á skrá hjá Fyrirtækjaskrá. Hafði hann því næst samband við skrifstofu Ríkisskattstjóra, sem heldur utan um fyrirtækja- og hlutafélagaská, og fékk þau svör að komið hefði tillaga að nafninu Oddaflug en því hefði verið hafnað. Þegar hins vegar flett var upp í skránni hafi komið í ljós að búið var að skrá hið nýja félag sem Fjárfestingarfélagið Oddaflug ehf. Hann segir óvíst hvert framhald þessa máls verður en segist telja eðlilegt að það verði skoðað. Flugfélagið Ernir starfaði sem kunnugt er um þrjátíu ára skeið á Vestfjörðum og sinnti þá leigu- og sjúkraflugi í fjórðungnum og víðar. Frá þeim tíma er Hörður flugmaður þjóðsagnapersóna meðal Vestfirðinga.



Súgfirðingar blótuðu þorra í félagsheimilinu

Súgfirðingar blótuðu þorra í þétt setnu félagsheimilinu á Suðureyri á laugardagskvöld. Hefð er fyrir því á Suðureyri að konur á staðnum standi fyrir þorrablóti annað hvert ár og svara karlarnir fyrir sig hin árin með góublóti. Súgfirðingar gerðu krásam troganna góð skil og sungu undir borðum á milli. Þá var salurinn

rýmdur og tekið til við skemmtidagskrá sem konurnar fluttu við góðar undirtektir blótsgesta. Dúettinn Baldur og Margrét sá svo um að leika fyrir dansi fram eftir nóttu. Ýmsar reglur eru í gildi um það hverjir fá aðgang að þorrablótinu. Að sögn Ingibjargar Sigfúsdóttur, eins skipuleggjenda, er almenna reglan sú að gestir skulu vera sambúðarfólk

og hafa náð 25 aldri en einhleypir, 18 ára og eldri, fá að mæta í fylgd foreldra. Reglurnar standa á gömlum merg en Ingibjörg segir 68 ár frá því þorra- og góublót Súgfirðinga hófu göngu sína. Páll Öndarson var á staðnum og tók það meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is. – kristinn@bb.is

Fyrrum leikmaður KFÍ í kvennaflokki

Féll á lyfjaprófi í hreystikeppni

Ung kona sem hætti í KFÍ fyrir fjórum árum en er enn skráð í félagið féll á lyfjaprófi á Íslandsmóti í svokölluðu „fitness“ eða hreysti um jólin og fékk sex mánaða bann. Enginn leikmaður KFÍ tengist málinu. Guðni Guðnason, ritari stjórnar KFÍ, segir að keppandinn sé skráður félagi í KFÍ

eins og u.þ.b. 800-900 aðrir en hún sé ekki iðkandi hjá félaginu. KFÍ er aðili að ÍSÍ og því hefur lyfjanefnd sambandsins lögsögu í félaginu. Hreystikeppnin er ekki aðili að ÍSÍ og því segir Guðni að til lyfjaprófs hafi komið vegna þess að konan er skráð í KFÍ. Á heimasíðu ÍSÍ kemur fram að Efdrín mældist yfir

leyfilegum mörkum í þvagsýni keppandans en það er að finna í ýmsum fæðubótaefnum. Guðni segir málið ekki hafa neinar formlegar afleiðingar fyrir KFÍ en sé leiðinlegt fyrir félagið þar sem í kjölfarið sé farið að benda fingri á ýmsa félagsmenn þess. – kristinn@bb.is

Sýslumaðurinn á Hólmavík

Hraustir stefnuvottar

Sýslumaðurinn á Hólmavík hefur auglýst laust til umsóknar starf aðalstefnuvotts í Árneshreppi á Ströndum. Samkvæmt lögum um meðferð einkamála í héraði skipar

sýslumaður aðal- og vara-stefnuvotta í hverju sveitarfélagi í umdæmi sínu til að birta stefnur, kvaðningar og aðrar tilkynningar. „Ekki má skipa mann stefnuvott nema hann sé orðinn 25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð og sé svo heill og hraustur að hann geti gegnt starfanum,“ segir í auglýsingu sýslumanns.

Kattaleyfisgjald í Ísafjarðarbæ

Lagt til 1.500 krónur á ári

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarstjórn að kattaleyfisgjald í Ísafjarðarbæ verði krónur 1.500 á ári. Kattagjaldið stendur straum af ábyrgðartryggingu, kostnaði við merkingu og umsýslukostnaði.

Umhverfisráðuneytið staðfesti í byrjun desember samþykkt um kattahald í Ísafjarðarbæ frá því í haust. Þar segir að kattahald sé bannað í þéttbýli og sumarbústaðahverfum í Ísafjarðarbæ en þó ekki á lögbýlum. Vilji menn hafa

ketti þarf því að sækja um undanþágu til bæjarins og uppfylla skilyrði samþykktanna. Reglurnar voru settar í kjölfar nokkuð háværrar umræðu um villikattager í Fjarðarstræti. – kristinn@bb.is

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:
Bakkavegur 4b: 100 m² lítið einbýlishús úr timbri ásamt fyrirtæki með kleinubakstur. Tilboð óskast

Fagrabolt 1: 143,6 m² fallegt einb.h. á einni hæð ásamt 45,5 m² bílskúr. Verð 15,5 m.kr.
Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð. Laust fljót. Verð 4,8 m.kr.
Móholt 2: 141,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr Verð 13,2 m.kr.
Norðurvegur 2: 150,1 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og ræktaðri eignarlóð. Verð 9,7 m.kr.
Sunnuholt 1: 277,5 m² glæsilegt einbýlishús á 5 pöllum ásamt bílskúr og grónum garði. Verð 16 m.kr.
Urðarvegur 76: 196 m² endaraðhús á tveimur hæðum. Gott útsýni. Verð 13,2 m.kr.
4-6 herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 4: 119 m² 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi, mikið uppgerð. Verð 8 m.kr.
Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur

hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Tilboð óskast
Silfurtorg 1: 104 m² 3-4 herb. íbúð á 3. hæð í þrívíðishúsi. Bílastæði á baklóð. Tilboð óskast
Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð 6,8 m.kr.
3ja herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 6: 113,5 m² 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu. Verð 5,7 m.kr.
Fjarðarstræti 38: 3-4ra herb. íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. Verð 4,5 m.kr.
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfhlötu, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju h. til hægri í fjölb.h. ásamt sér geymslu. Skoða öll tilb. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,5 m.kr.
Urðarvegur 49: 102,5 m² kjallaraíbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Tilboð óskast
Urðarvegur 80: 100 m² íbúð á 3. hæð í góðu standi. Fallegt útsýni. Verð kr. 7,3 m.kr.
Bolungarvík:
Heiðarbrún 7: 290 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt tvöföldum innbyggðum bílskúr. Verð 10 m.kr.
Núddstofa:
Sólbaðsstofa með dekurabúðum. Leigubústaða í kjallara

að Tungötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratatæki, sogæðanuddtæki, Turbo ljósabekkur o.fl. Tilboð óskast
Atvinnuhúsnæði:
Hrannargata 2: 164 m² verslunarhúsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. Verð 4 m.kr.
Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu.
Tilboð óskast
Suðureyri:

Aðalgata 10: 222,8 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum, tveir nýir sólpallar. Verð 5,5 m.kr.
Aðalgata 16: 133 m² uppgerð skrifstofuhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 3 m.kr.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is



Hráefni til beituframleiðslu ekið inn í frystiklefa eins Norðurtangahúsanna.

Nýja beituverksmiðjan í Norðurtangahúsinu á Ísafirði

Prófanir og þróun-
arvinna framundan

Nýja beituverksmiðjan í Norðurtangahúsinu á Ísafirði er tilbúin til að hefja framleiðslu. Hráefni er komið í frystiklefann og tveir starfsmenn hafa verið ráðnir. Sveinbjörn Jónsson, forsvarsmaður verksmiðjunnar segir búið að prufukeyra framleiðslulínuna og verði hún fínstillt í framhaldinu. Unnið verði við próf-

anir og þróunarvinnu á næstunni en hvenær framleiðsla og markaðssetning hefjist fyrir alvöru ráðist af því hversu vel gangi að fjármagna reksturinn. Sveinbjörn er bjartsýnn og segist hafa vilyrði fyrir stuðningi úr ýmsum áttum en framundan sé að safna kröftum. „Næstu skref verða stiginn þegar ég hef komið viðunandi

fram við mína byrgja og sé fram á að geta borgað fleiru fólki kaup.“ Hann segir framleiðslulínuna virka framar vonum. „Það sem við höfum séð tæknilega hefur verið betri en ég átti von á. Mörg fyrirtæki hérna hafa verið að skila okkur háklassa vinnu og sýnt verkefninu mikinn skilning“, sagði Sveinbjörn. – kristinn@bb.is



Þjálfaranámskeið
– þjálfarastig 1a

Námskeiðið er fyrsti hluti í menntakerfi íþróttapjálfa og verður haldið föstudaginn 6. febrúar kl. 16-22 og laugardaginn 7. febrúar kl. 09-18. Staðsetning námskeiðsins verður kynnt síðar í vikunni.

Námskeiðið er ca. 20 klukkustundir og er almennur hluti þjálfarastigs 1a sem gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar. Nemandi sem lýkur þessu námskeiði ásamt því að ljúka sérgreinahluta þjálfarastigs 1a, hlýtur réttindi sem aðstoðarmaður eða leiðbeinandi hjá íþróttaskóla eða yngstu flokkum.

Skráning og upplýsingar eru á skrifstofu HSV, Hrannargötu 2, 400 Ísafirði, í síma 456 5434, netfang: hsv@hsv.is. Skráningu þarf að vera lokið fimmtudaginn 5. febrúar. Lágmarkspáttaka er 12.

Verð á námskeiðið er kr. 12.000.- og eru öll námskeiðsgögn innifalin. Héraðssamband Vestfirðinga niðurgreiðir námskeiðið fyrir aðildarfélaga sína um kr. 2.000.



Smáauglýsingar

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Stórholti 13. Upplýsingar í síma 895 2702.

Þrekhlól óskast! Á ekki einhver þrekhlól til að selja mér. Uppl. í síma 899 4101.

Til sölu er 120 cm Rossignol skíðl og skór fyrir ca. 6-8 ára. Uppl. í síma 456 4218.

Til sölu eru 100 cm löng Rossignol barnaskíðl. Uppl. í sínum 456 3216 eða 865 5713.

Árgangur '54 ætlar að hittast í Sjallanum fimmtudagskvöldið 5. febrúar kl. 20:30. Mætum öll!

Húsytyklar töpuðust í miðbænum á Ísafirði á fimmtudag í síðustu viku. Finnandi vinsamlegast hringi í síma 868 4080.

Sá sem fékk „lánaðan“ afturhlerann af kerrunni minni, vinsamlegast skilaðu honum aftur á sama stað.

Til sölu eru lítið notaðir Rossignol skíðaskór, stærð 38-39. Óska eftir að kaupa skíðaskó nr. 40-41. Uppl. í síma 456 4217.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Fjarðarstræti 6. Er laus nú þegar. Uppl. í síma 456 3938 og 847 8522.

Halló! Grunnvöðingur og góðir nágrannar. Þórrablot Grunnvöðinga verður haldið 7. febrúar. Sjá nánar í götuauðlýsingum.

Óska eftir að kaupa skíðaskó nr. 47-48. Uppl. í síma 456 4258.

Vantar 2-3ja herb. íbúð á leigu á Ísafirði. Uppl. í síma 699 6332.

Óska eftir nothæfri rafmagnsrítvél fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 897 6792.

Töku að okkur að fara yfir og bera undir skíði fyrir lítinn pening. Uppl. í sínum 866 5483 og 866 9839.

Óska eftir sófa, ódyrt eða gefins. Upplýsingar í sínum 861 2696 eða 456 5696.

Til sölu eru tvenn þör af Rossignol skíðum, 110 cm og 130 cm löng. Einnig brettaskór af stærðinni 38-39. Upplýsingar í sínum 866 9555 eða 456 3217.

Óska eftir VW Transporter eða Mazda pallbíll. Upplýsingar í síma 896 6195.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Þórólfur Halldórsson á Patreksfirði skrifar

Fagna nýju skipu-riti Vegagerðarinnar



Þórólfur Halldórsson.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri kynnti þann 16. janúar sl. nýtt skipurit Vegagerðarinnar sem tekur formlega gildi 1. mars nk. Í tilkynningu vegamálastjóra eru færð veigamikil og gild rök fyrir endurskoðun skipuritsins og er greinilegt að mikil og vönduð vinna hefur verið lögð í verkið. Ekki verður annað séð en að þær breytingar á skipulagi Vegagerðarinnar sem þarna hafa verið ákveðnar séu að öllu leyti markvissar og taki rökrétt mið af þeim breytingum á ytra umhverfi Vegagerðarinnar sem átt hafa sér stað undanfarin ár.

Nokkurrar gagnrýni hefur orðið vart á síðum BB vegna hins nýja skipurits, og er hún í fljótu bragði séð nokkuð hvatvís. Ef grannt er skoðað verður ekki betur séð en að þessi

breyting sé í anda þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að flytja opinber störf út á land sem Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur haft áberandi forgöngu um að fylgja eftir. Í tilkynningu vegamálastjóra segir m.a. „Engar uppsagnir verða við þessar breytingar en verkefni eru færð til og ný verkefni flutt út á land.. Mannahald á öllum starfsstöðvum er að mestu óbreytt en nýir stjórnunarhættir opna möguleika á frekari flutningi verkefna úr miðstöð í Reykjavík út á landsbyggðina.“

Samkvæmt nýju skipuriti eru þau þrjú umdæmi sem nú eru til staðar í Norðvesturkjörðum felld saman í eina heild, Norðvestursvæði, með svæðismiðstöð í Borgarnesi, og þar verður yfirumsjón með ætíunum og hönnunarkaupum á

svæðinu og einnig viðhaldi og þjónustu. Þótt yfirstjórnin færir þessu leyti til er eftir sem áður gert ráð fyrir að tilsjón og verkstjórn verði í höndum næsta umdæmisstjóra eins og verið hefur.

Þó verksvið umdæmisstjórans breytist eru engin teikn um að þjónusta Vegagerðarinnar við Vestfirðinga breytist til hins verra. Þvert á móti er rík ástæða til að ætla að bæði þjónustan og viðmótið gagnvart íbúum Vestfjarða muni batna, þ.e. þeir þættir sem hvað mestri gagnrýni hafa sætt á undanförnum árum.

Sveitarfélagið Vestfirðir

Hið nýja skipurit Vegagerðarinnar er mál sem er með öllu

óskylt þeirri hugmynd að Ísafjörður verði gerður að kjarnasvæði fyrir Vestfirði. Til þess að svo verði þarf að taka allt aðrar ákvarðanir.

Frumforsenda þess að Ísafjörður verði nokkurn tíma að kjarnasvæði fyrir Vestfirði, hvað þá að til verði sveitarfélagið Vestfirðir, er að heilsárs vegasamgöngur á milli Ísafjarðar og þéttbýlisstaðanna á sunnanverðum Vestfjörðum verði tryggðar til framtíðar með láglandisvegi. Það verður eingöngu gert með því móti að gera tvenn jarðgöng; önnur 5,1 km löng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og hin 10,8 km löng undir Dynjandisheiði úr Dynjandisvogi í botn Vatnsdals í Vatnsfirði.

Þó tæknilega sé unnt að byggja veg yfir Dynjandisheiði, mun 30 km langur vegur um óbyggðir, þar af 20 km á fjöllum í allt að 500 metra hæð yfir sjávarmáli, aldrei komast nálægt því að uppfylla þær kröfur sem gera verður til vegar milli hverfa í sveitarfélaginu Vestfjörðum. Aðeins vegur um jarðgöng uppfyllir þær kröfur.

Þessi tvenn göng munu stytta leiðina milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar um ca. 40

km og þá yrði álíka langt fyrir Patreksfirðinga að skreppa til gleraugnasalans á Ísafirði og nú er fyrir Ísfirðinga að skreppa í kaffi í Djúpmannabúð í Djúpi. Ísfirðingur á leiðinni suður til Reykjavíkur um þessi nýju göng væri þó á sama tíma kominn langleiðina suður í Skálanes í Kollafirði, þar sem við honum blasir nýr vegur sem nú er í bígerð yfir firðina í Gufudalssveit sem stytir leiðina um 22,2 km, og hann ætti þar ekki nema u.þ.b. 240 km eftir ófarna til Reykjavíkur!!

Ísfirðingur sem á hinn bóginn hefði haldið áfram Djúpveg frá Djúpmannabúð yfir Steingrímsfjarðarheiði og suður Hrutáfjörð, væri rétt kominn yfir Holtavörðuheiði og suður fyrir Fornahvamm á sama tíma og sá er fór göngin væri kominn til Reykjavíkur. og hann ætti ennþá eftir 110 km. til Reykjavíkur.

Vestfirðingar og vegagerðarmenn sem hafa heilsteypta framtíðarsýn og hugsa lengra en nef þeirra nær hljóta að gera sér ljóst hvort er mikilvægara fyrir framtíð sveitarfélagsins Vestfjarða, Djúpvegur eða jarðgöngin tvenn.

– Þórólfur Halldórsson, Patreksfirði.

Valtýr Gíslason hjá tölvuþjónustunni .is

Segir einkaskjöl oft berskjölduð vegna þráðlausra nettenginga

Valtýr Gíslason sem rekur tölvuþjónustuna .is á Ísafirði segir einkaskjöl fólks oft berskjölduð sé það með þráðlaust netsamband innanhúss eins og nú er algengt. Hann segir einfalt mál að sitja í bíl fyrir utan hús með þráðlaust netsamband og komast inn á netið með fartölvu í gegnum þráðlaust netkort. Algengt sé að borðtölva og fartölva séu á heimilum og gögnum deilt á milli þeirra um þráðlaust

net, það bjóði hættunni heim ef netið er ekki rétt upp sett.

Valtýr segist hafa fengið fyrirspurn um málið frá einum viðskiptavina sinna og þegar málið var athugað reyndist hægðarleikur að komast inn í einkagögn og internetið á hans kostnað. Valtýr kannaði málið betur í kjölfarið og segir það hafa reynst hægðarleik að komast inn á tölvur margra heimila. Hann segist einfaldlega hafa sest út í bíl og rúntað

um bæinn.

„Ég stoppaði á nokkrum stöðum þar sem ég vissi að voru þráðlaus innanhúsnætt og komst inn á átta þeirra“, segir Valtýr. Hann segir ekki þurfa mikla kunnáttu til að komast inn á kerfin með þessum hætti ef þeim hefur ekki verið lokað. Hann segir einnig geta komið fyrir ef nágrannar eru með þráðlausa tengingu að þeir fari inn á kerfi hvors annars.

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sitt.

Hannes Hafstein og heimastjórn


Við erum stolt þjóð Íslendingar þótt oft geymum við okkur í dægurprasinu og sé betri í því að setja út á annað fólk og gera lítið úr því, að minnsta kosti minna en meira. Okkur er það ekki lagið að meta menn, karla og konur, að verðleikum í lífanda lífi, nema þá um stundarsakir. Stjórnmalabaráttan einkennist um of af dægurprasi og óþarflega skömmóttum málflutningi. Hefji einhver sig upp yfir meðalmennskuna endar það venjulega svo að allir hinir taka sig saman, oftast óafvitandi, og ráðast að viðkomandi með meiðandi hætti, í besta falli án þess að finna viðkomandi nokkuð til betrunar. Tilfinningarnar ráða meiru í íslenskum stjórnmálum en rök og skynsemi.

Ísfrisk pólitík hefur lengi verið kunn af hörku og slæmum dómum um þá sem hafa viljað láta til sín taka, en þegar viðkomandi er farinn verður hann gjarnan góður, einkum er frá líður. Á Ísafirði urðu einhver hörðustu pólitísku átök 19. aldar og tengdust sýslumanni Ísfirðinga, Skúla Thoroddsen, sem var sennilega íhaldsamur þjóðernissinni, en hjarta hans sló með konum og lítilmagnanum, þótt hann yrði umsvifamikill kaupsýslu- og útgerðarmaður, sem hafði stuðning margra mikilsmetinna borgara í Ísafjarðarsýslum. Mál hans er óþarfi að rekja. Það hafa nokkrir gert af mikilli ástríðu. Hann var settur af og svo vildi til að settur var Lárus H. Bjarnason til þess að rannsaka mál afsetta sýslumannsins. Í stað Skúla var skipaður ungur og gjörvulegur lögfræðingur, landshöfðingjaritari og landspekkt skáld, sem síðar varð vegna aðstæðna og mannkosta sinna eitt mesta athafnaskáld á vettvangi stjórnmála.

Hannes Þórður Hafstein var sonur amtmanns og það eitt trygðði honum greiðari aðgang að menntun og væntanlega hefur ekki minnkað framavonir hans, þótt

mörgum hafi þótt Pétur faðir hans erfiður í sumum málum. Hann átti einnig að móður einstaka mannkostakonu, Kristjönu, og vafalítið hefur hann hlotið í foreldrahúsum það uppeldi sem gerði hann að þeim forystumanni sem raun ber vitni. En Hannes hófst af sjálfum sér, tók við embætti sýslumanns Ísafjarðarsýslum og bæjarfógeta á Ísafirði við erfiðar aðstæður, en fógetinn var oddviti bæjarstjórnar samkvæmt lögum. Því kom það í hans hlut að starfa með forvera sínum í bæjarstjórninni. Ljúfmennið, samningamaðurinn og glæsimaðurinn vann sér fljótt virðingu Ísfirðinga fyrir störf sín þar jafnt og með öðrum verkum sýslumanns. Þekktastur varð hann þó fyrir frækilega framgöngu sína þegar hann ásamt öðrum gerði tilraun til að stöðva landhelgisbrot ensks skipstjóra í Dýrafirði 1899. Þrír dýrfirskir alþýðumenn létu þar lífið og Hannes ásamt þremur öðrum bjargaðist naumlega. Hlaut hann landsfrægð af og var þó þekkt og vinsælt skáld.

Helstu kostir hans lágu þó í því að hann hafði lag á að fá menn til liðs við sig og naut virðingar í Danmörku þar sem hann hafði kynnst þeim er hófust til valda um og upp úr aldamótum. Mun það hafa ráðið því að hann ásamt þeirri framsýni að kynna stefnu heimastjórnarmanna rækilega í Danmörku eftir aldamótin, að hann varð fyrir valinu sem fyrsti ráðherra Íslands. Það varð gæfa þessarar þjóðar, ekki sist að hann tók á í verklegum efnum og hafði framtíðarsýn fyrir landið. Hann hafði sýnt það að mótlætið bugaði hann ekki og fékk þjóðina á sitt band þótt stjórnarsetan hafi reynt á hann. Kannski flutti hann með sér kosti sem höfðu þroskast hér vestra, þjóðinni til gagns.



Góðar fréttir fyrir íslensk heimili

Húsnæðislán með 4,4%* vöxtum

Íslandsbanki býður nú fyrstur íslenskra banka nýja tegund húsnæðislána á betri kjörum en áður hafa þekkst.

VAXTIRING	VÖXTUR
0 – 30%	4,4%
30 – 50%	4,9%
50 – 65%	5,8%
65 – 80%	6,8%

*Háttasta er miðað við íslenska myndirni.
gjafi íslenskra króna, gjafi erlend myndgjafi og vs. 2003.

Óverðtryggð húsnæðislán til 40 ára

Í boði eru lán með brytilegum vöxtum, samsett úr íslenskum krónum og erlendum myntum, eða að öllu leyti í erlendri mynt. Vaxtakjör fara eftir samsetningu láns og reðvetningu húsnæðis. Viðskiptavinir eiga kost á að lækka vexti einn frekar með lánsþryggingu sem boðin er í samvinnu við Gjafi-Álmannar lífþryggingar hf.

Mánað upplýsingar eru veittar á [ib.is](#).

ÍSLANDSBANKI | Hvar sem þú ert

Álag húsnæðislausnastofna af 1 milljónum króna (þá 10 milljónum króna) í íslenskum krónum, gjafi í erlendri mynt er 4,2% miðað við miðsmátt fjárfestingar og gengi og vexti og reðvetningu áttunda ára er 4,4%.

Þrjátíu iðnaðarmenn sóttu námskeið um gifsveggi

Um þrjátíu iðnaðarmenn frá flestum byggingarverktökum á norðanverðum Vestfjörðum sóttu námskeið um gifsveggi um síðustu helgi. Menntafélag Byggingariðnaðarins stóð fyrir námskeiðinu sem var haldið í húsi verkalýðsfélaganna á Ísafirði.

Leiðbeinandi var Ólafur

Ástgeirsson, húsasmiður og tæknifræðingur. Fjallaði hann m.a. um brunapól og burðarþól gifsveggja, fylgihluti og verkfæri auk helstu staðla og verkfæra. Á laugardagsmorgun bauð Húsasmiðjan öllum þátttakendum á námskeiðinu í morgunkaffi í timbursölu fyrir tækisins á Ísafirði.



Þátttakendur á námskeiðinu fyrir utan hús verkalýðsfélaganna á Ísafirði. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag:

Norðaustlæg átt, norðan- og vestantil, víða 8-13 m/s, en austlæg átt, 5-13 m/s sunnan- og austanlands. Víða dálítil el eða snjókoma og frost 0-5 stig, en yfirleitt frostlaust við suðurströndina.

Horfur á föstudag:

Norðlæg átt, 5-13 m/s og víða dálítil snjókoma eða el. Frost 2-10 stig, kaldast inn til landsins.

Horfur á laugardag:

Norðlæg átt, 5-13 m/s og víða dálítil snjókoma eða el. Frost 2-10 stig, kaldast inn til landsins.

Horfur á sunnudag:

Austlæg átt, 8-13 m/s, en norðan 5-10 m/s astantil. Snjókoma eða el norðan- og austanlands, en annars úrkomulítið.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja:

Messa og kirkjuskóli sunnudaginn 8. febr. kl. 11:00. Prestur: Sr. Stína Gísladóttir.

Hnífsdalskapella:

Sunnudagaskóli kl. 13:00.

Spurningin

Hefurðu áhyggjur af aukinni hörku í undirheimum Íslands?

Alls svöruðu 350.
Já sögðu 287 eða 82%
Nei sögðu 63 eða 18%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Marzellíus Sveinbjörnsson svalar þorstanum að lokinni göngunni. Hann virðist í feiknaformi þessa dagana.

Marzellíus sigraði

Hin árlega Skíðafélags-ganga fór fram á Seljalandsdal á laugardag. Keppt var í frjálsri aðferð og var veður og færi eins og best verður á kosið. Marzellíus Sveinbjörnsson sigraði í flokki 35-49 ára karla eftir gríðarlega harða baráttu við Einar Yngvason.

Næsta göngumót er Bakkavíkurgangan sem fram fer í Bolungarvík 14. febrúar kl.13.00. Af því til efni verður Skíðafélag Ísa-



Daniel Einarsson varð annar í flokki drengja 8 ára og yngri. Ingólfsdóttir sjá um námskeiðið. Úrslit í einstökum flokkum má sjá hér til hliðar. hj@bb.is

8 ára og yngri stúlkur 0,8 km

Hekla Dögg Guðmundsdóttir 05:28
Regína Rúnarsdóttir 05:41
Arna Kristbjörnsdóttir 05:49

8 ára og yngri drengir 0,8 km

Hákon Halldórsson 05:44
Daníel Einarsson 06:47
Pétur Tryggvi Pétursson 13:17

9-10 ára stúlkur 2,5 km

Sigrún Arnarsdóttir 12:13

11-12 ára drengir 2,5 km

Elías Jónsson 10:42

11-12 ára stúlkur 2,5 km

Sólveig Guðmundsdóttir 08:28
Rannveig Jónsdóttir 10:05
Katrín Sif Kristbjörnsdóttir 10:15
Silja Rán Guðmundsdóttir 10:48
María S. Halldórsdóttir 13:54
Kristný Pétursdóttir 17:25

13-14 ára drengir 3,5 km

Brynjólfur Óli Arnason 9:58
Stefán Pálsson 11:22
Sigurjón Hallgrímsson 13:20

15-16 ára drengir 5,0 km

Arnar Björgvinsson 18:43

17-19 ára piltar 10,0 km

Kristján Óskar Ásvaldsson 18:01 + 19:01 samt. 37:02

35-49 ára karlar 10,0 km

Marzellíus Sveinbjörnsson 19:34 + 20:55 samt 40:29.
Einar Yngvason 19:42 + 20:54 samt. 40:36
Heimir Hansson 19:59 + 21:05 samt. 41:04
Magnús Sigurjónsson 25:09 + 26:57 samt. 52:06

50 ára og eldri karlar 10,0 km

Sigurður Gunnarsson 22:23 + 23:01 samt. 45:24
Árni Aðalbjarnarson 23:49 + 24:14 samt. 48:00

20 ára og eldri konur 5,0 km

Auður Yngvadóttir 26:41
Jóna Lind Karlsdóttir 27:44

> RÚV: 5. febrúar kl. 20:35

Iceland Airwaves 2003

Þáttur um tónlistarhátíðina Iceland Airwaves sem haldinn var í október 2003 er á dagskrá RÚV í kvöld. Fjöldi erlendra gesta sækir hátíðina auk rúmlega 100 fjölmiðlamanna. Að þessu sinni var aðaláherslan lögð á íslenska tónlist og ber hæst framganga sveita á borð við Mínus og Trabant, en auk þeirra bregður fyrir Leaves, Eberg, Maus og fleiri.



> Stöð 2: 7. febrúar kl. 21:40

Kjarnorkukafbáturinn K-19

K-19 er magnþrungin spennumynd, byggð á sannsögulegum atburðum. Rússneskur kjarnorkukafbátur er í jómfrúarferð sinni í Norður-Atlantshafi árið 1961. Vart verður við leka en fátt er erfiðara við að eiga í kaþbáti. Ekki síst þar sem kjarnorkuvopn eru innanborð og skapast því neyðarástand. Aðalhlutverk leika Harrison Ford, Liam Neeson og Ingvar E. Sig.



> Sýn: 8. febrúar kl. 13:45

Íslendingaslagur í enska boltanum

Chelsea og Charlton mætast í sannkölluðum Íslendingaslag á Stamford Bridge í Lundúnum í dag. Eiður Smári Gudjohnsen leikur með heimamönnum og Hermann Hreiðarsson er í liði gestanna. Landsliðsfélagarnir eiga væntanlega eftir að takast hressilega á í dag. Félögin mættust í desember og þá hafði Charlton betur, 4-2, þar sem Íslendingarnir skoruðu báðir.



Myndir 100 þörum á Sunnu- kórballi gefnar út á bók?

Ísfirsku ljósmyndararnir Spessi og Halldór Sveinbjörnsson mynduðu um 100 pör á Sunnukórballinu um þarsíðustu helgi. Spessi segist sjá fyrir sér að úr myndunum gæti orðið bókverk sem gangi undir vinnuheitinu „Par“ en ekkert hafi verið ákveðið ennþá. Aðspurður um tilurð verkefnisins segir hann Halldór hafa ámalgað við sig hugmyndina og sér hafi strax litist vel á. „Það má segja að

verkefnið sé ekki ósvipað því sem ég hef verið að gera áður, taka myndir af hetjum, bensinstöðum, tjaldstæðum og nú þörum, nokkurs konar massaframleiðsla“, segir Spessi. Myndirnar eru teknar á hvítum bakgrunni sem Spessi segir gert til að bakgrunnurinn sé hlutlaus og trufli ekki. „Myndatak- an var mjög skemmtilegt, allir í sínu finasta þússi og í góðu skapi. Má kannski

segja að við Halldór höfum verið að blanda saman gleði og viðskiptum. Við skelltum okkur á ball og buðum fólki að koma í myndatöku fyrir kr. 3.500 sem er mjög ódýrt miðað við t.d. hvað passamynd kostar. Reyndar er það töluvert stúss að vinna úr myndatökunum, við erum búnir að fara í gegnum um 1.000 myndir, velja úr og laga til", sagði Spessi.

Fyrirhugað er að setja myndirnar inn á ljósmynda- vef bb.is. Þar verður hægt að skoða myndirnar og



Ljósmyndaraparið Halldór Sveinbjörnsson og Spessi.
panta eftirprentanir í fram- haldinu. – kristinn@bb.is

■ **Sportið í beinni**

Sýn:

Miðvikudagur 4. febrúar:
Kl. 19:30 – Enski boltinn.
Tottenham – Man. City.

Laugardagur 7. febrúar:
Kl. 20:20 – Spænski boltinn
Leikur óákveðinn.

Sunnudagur 8. febrúar:
Kl. 13:45 – Enski boltinn.
 Man. City – Birmingham.
Kl. 15:50 – Enski boltinn.
 Chelsea – Charlton Athl.

Priðjudagur 10. febrúar:
Kl. 19:50 – Enski boltinn.
Leicester City – Bolton.

Stōð 2:

Laugardagur 7. febrúar:
Kl. 14:45 – Enski boltinn.
Everton – Man. United.

Canal+ Norge:

Laugardagur 7. febrúar:
Kl. 14:00 – Enski boltinn.
Wolves – Arsenal.

Sunnudagur 8. febrúar:
Kl. 14:00 – Enski boltinn.
 Man. City – Birmingham.
Kl. 16:00 – Enski boltinn.
 Chelsea – Charlton Athl.

Canal+ Zap:

Laugardagur 7. febrúar:
Kl. 15:00 – Enski boltinn.
Everton – Man. United.

TV Danmark 1:

Laugardagur 7. febrúar:
Kl. 14:30 – Þýski boltinn: B. M'gladbach – W.Bremen.
Kl. 18:30 – Spænski boltinn: Valencia – A. Madrid.
Kl. 20:30 – Spænski boltinn: Real Madrid - Malaga.
Sunnudagur 8. febrúar:
Kl. 18:00 – Spænski boltinn: Osasuna – Barcelona.

TV4+ Svíþjóð:

Laugardagur 7. febrúar:
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Watford – Sunderland.
Kl. 20:30 – Spænski boltinn: Real Madrid - Malaga.

Canal+ Svíþjóð:

Sunnudagur 8. febrúar:
Kl. 14:00 – Ítalski boltinn:
Sampdoria – Inter Milan.

Afmæli



Porstína Jóhanna María Friðriksdóttir á Ísafirði verður **niræð** 10. febrúar. Af því tilefni tekur hún á móti gestum, laugardaginn 7. febrúar á milli kl. 15 og 17. Jóhanna býr á Hlíf, íbúðum aldraðra, ásamt eiginmanni sínum, Högna Sturlusyni og verður veislan í samkomusalnum.

Hvað er að ske? Á helginni
 29. jan. - 1. feb.

Auka helgi á þessu frábæra tilboði

Meiriháttar Tilboð í sæktu sjálft(ur) um helgina <i>Fimmt., - Sunnudagskvöld</i>	12" pizza að eigin vali + 2 litrar af Pepsi Á 1000 KALL	16" pizza að eigin vali + 2 litrar af Pepsi Á 1200 KALL
--	--	--

KRÚSIN *Föstudagskvöld*
Tónleikar og Partyball
Hljómsveitirnar
Heiða og Heiðingjarnir
 og **HRAUN!**
Stundvíslega kl 23.00 18 ár

Sjallinn *Cafe - Restaurant Bar* KRÚSIN *Fyrir 2*
Egils **FYRIR**
1
um helgina

Þetta er einn af bestu myndunum ársins




e f
WILL FERRELL JIMMY NAAH

*Hreint stórkostleg fjölskyldumynd.
m/stórgrínaranum
Will Farrell.*

**Sýnd með
islensku tali
Sunnudag kl 2
Síðasta sýning**

Þetta er einn af bestu myndunum ársins



Auka sýningar
LORD OF THE RINGS
ÆVINTÝRID KLAR HÁMARKI

The Return Of The King
BESTA MYND ÁRSINS
**** *
MBL FBL DV

**Fimmtudag kl 8
Sunnudag kl 8**

> Stöð2: 8. febrúar kl. 01:00

Grammy-verðlaunin

Allar stærstu stjörnurnar í tónlistarheiminum mæta á Grammy-verðlaunahátíðina í Los Angeles í kvöld. Hátíðin verður í beinni útsendingu á Stöð 2 en fjöldi listamanna kemur fram. Veittar eru viðurkenningar í mörgum flokkum tónlistar. Í hópi tilnefndra í dag eru m.a. Justin Timberlake (mynd), Christina Aguilera, Luther Vandross og fleiri.



SÆLKERI VIKUNNAR

ER Ylfa MIST HELGADÓTTIR í BOLUNGARVÍK

Þorskhrogn- kökur og engiferís í eftirmat

Nú er akkúrat tíminn til að fá ný þorskhrogn og lifur í verslunum og tilvalið að föndra aðeins með þetta gæða hráefni. Í tilefni af því langar mig að gefa uppskrift að litlum hrognapönnsum sem eru tilvalinn smáréttur, eða bara kvöldverður með góðu brauði, salati og kaldri dressingu. Á eftir er engiferís en hann prófaði ég að gera um jólin og maðurinn minn er sífellt að biðja um hann aftur.

250 g hrá þorskhrogn
2 dl AB mjólk
½ dl rjómi
150 g hveiti
2 tsk salt
3 msk ólífuolía
1 tsk lyftiduft (má sleppa)
2 egg, þeytt saman
2 vorlaukar, fínt saxaðir
1 hvítlauksrif, fínsaxað
hálf límóna, fínrifinn börkur og safi
Olía til steikingar.

Blandið saman hveiti, salti og lyftidufti. Blandið AB mjólkinni og rjómanum saman við ásamt eggjaþeyttunni. Skerið upp hrognasekkinn, skafið hrognin innan úr og blandið þeim saman við deigið. Þá er lauknum, hvítlaukunum og límónusafa ásamt fínrifnum berkinum hrært saman við. Að lokum er olían sett úti.

Steikið litlar lummur úr deiginu í dálitilli olíu á með-

alheitri pönnu. Mjög gott er að sáldra niðurklíptum graslauk yfir kökurnar og dreypa límónusafa yfir rétt áður en að þær eru borðaðar.

Dressing

5 dl AB mjólk
2 tsk fljótandi hunang
1/2 tsk cumin (broddkúmen)
1 tsk malaður kóríander
Hnefi af fersku kóríander

Síð AB mjólk í gegnum kaffifilter í hálfu til eina klukkustund og setjið í skál ásamt hunangi og kryddi. Hrærið öllu vel saman og setjið í kæli þangað til að sósan er borin fram. Ef ekki fæst ferskt kóríander má vel nota steinselju eða annað ferskt gott krydd.

Dressingin er einnig fyrirtak á fisk, kjöt og salöt.

Engiferís

½ líter rjómi
3 eggjarauður
2 dl sykur
4 msk smátt skorinn sultaður engifer úr krukku

Ég hef þurft að kaupa sultað-

an engifer í Reykjavík en það er um að gera að biðja þá í Samkaup um að panta þetta og eiga. Ég hef líka sultað engiferinn sjálf en það er óþarfa fyrirhöfn ef hægt er að nálgast hinn.


Ef þið viljið sulta hann sjálf þá er ein væn engifer-rót u.þ.b. 150 grömm, flysjuð, skorin í litla bita og soðin með hálfum lítra af vatni og fjórum dl af sykri í u.þ.b. klukkustund eða þangað til engiferinn er orðinn mjúkur.

Eggjarauðurnar eru þeyttar með sykrinum þar til að þær eru ljósar og léttar. Þá er þeyttum rjómanum blandað saman við og að síðustu er engiferinn settur út í ásamt leginum úr hálfri krukku og öllu blandað varlega saman.

Setjið í ílát og frystið yfir nótt.

Að lokum vil ég skora á, eðal-húsfrúna, Valrínu Valgeirsdóttur í Bolungarvík að snara fram einhverjum góðum uppskriftum í næsta blaði.

**Gerist áskrifendur
í síma 456 4560**



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

Förum létt með þyngri sendingar

- dreifum um allt land

 PÓSTURINN

Ánægðir með námið

Um 76% svarenda í viðhorfsskönnun meðal foreldra barna í Tónlistarskóla Ísafjarðar segjast mjög ánægðir með tónlistarnám barna sinna og 84% þeirra segjast taka virkan þátt í náminu. Almennt finnst foreldrum aðgengi gott að kennurum og starfsfólki skólans en eru ekki endilega hlynntir stofnun foreldrafélags. Sigriður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskólans, segir niðurstöðurnar afar jákvæðar í garð skólans.

– kristinn@bb.is

5,5 milljónir til sjóvarna

Á fjárlögum yfirstandandi árs er veitt 5,5 milljónum króna til sjóvarna í Ísafjarðarbæ samkvæmt áætlun um sjóvarnir. Áætlað er að verja fénu til sjóvarnar á við Ytri-Bót á Flateyri sem verði 100 metra löng og 2.000 rúmmetrar. Heildarkostnaður við verkid er áætlaður 6,3 milljónir króna. Ísafjarðarbær þarf að greiða 800 þúsund krónur á móti framlagi ríkisins. Alls er veitt 74,7 milljónum króna til sjóvarna samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs.

– kristinn@bb.is

Almenn ánægja

Foreldrar grunnskólabarna á Þingeyri, í Öndurarfirði og á Suðureyri eru almennt frekar eða mjög jákvæðir í garð skóla barna sinna. Þetta kemur fram í viðhorfsskönnun sem starfsmenn skóla- og fjölskylduskrifstofu gerðu í haust. Foreldrar voru einnig jákvæðir í garð stjórnenda skólans. Helstu ágallar í skólastarfi voru tengdir ytri búnaði eins og skólalóð og vanhirtu skólakúsnaði.

– kristinn@bb.is

Pétur Sigurðsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga:

Nauðsynlegt að kanna árangur af starfi atvinnuráðgjafa

Atvinnuleysi hefur aukist það sem af er ári. Í upphafi árs voru atvinnulausir 134 talsins en í síðustu viku voru þeir orðnir 158. Tala atvinnulausra sveiflast nokkuð milli vikna en af tölum má ráða að atvinnuleysi sé hægt og sígandi að aukast á Vestfjörðum. Sem dæmi um það má nefna þá voru 87 manns atvinnulausir í upphafi ársins 2003 og 54 voru án atvinnu í desember 2001. Á þessum tíma hefur því tala

atvinnulausra þrefaldast. Í dag stærstur hluti atvinnulausra yngra fólks.

Pétur Sigurðsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga segir ástæðu til þess að hafa miklar áhyggjur af þessari þróun og þá sérstaklega á norðanverðum Vestfjörðum þar sem atvinnuleysið sé orðið miklu meira og stöðugra en menn hafi átt að venjast. Pétur segir þessa þróun skýrast að mestu leyti í samdrætti í sjávarútvegi.



Pétur Sigurðsson.

Þar hafi störfum fækkað mjög mikið á undanförunum árum og nú sé komið að samdrætti hjá þjónustufyrirtækjum sem mörg hver hafi verið að draga saman seglin. Þrátt fyrir mikla áherslu á ferðamál hafi störfum í þeirri atvinnugrein frekar fækkað en hitt.

Pétur segir að hvort sem fólki líki það betur eða verr þá sé sjávarútvegur ennþá burðarstöð búsetu á Vestfjörðum. Fljótverkasta leiðin til fjölg-

unar atvinnutækifæra liggi því þar í gegn. Hann segir aðrar leiðir taka mjög langan tíma þrátt fyrir að ýmislegt hafi verið lagt undir í því efni svo sem með stofnun atvinnuráðgjafa ýmisskonar og starfsemi Atvinnuþróunarfélagsins.

„Mér finnst rétt að menn kalli eftir hver árangur hefur orðið að starfi opinberra aðila í atvinnumálum á Vestfjörðum á liðnum árum.“ sagði Pétur Sigurðsson.

– hj@bb.is

Nýr flugturn á Ísafjarðarflugvelli

Tekinn í notkun um páska

Að sögn Guðbjörns Charlessonar, umdæmisstjóra Flugmálastjórnar á Ísafirði, er farið að huga að innréttingum í nýja flugturinum á Ísafjarðarflugvelli.

„Verktakinn er búinn að skila turninum og við erum farnir að undirbúa innréttingar og slíkt. Við ætlum að reyna að taka hann í notkun í vor en höfum ekki sett niður nákvæma tímasetningu. Hugsan-

lega verður það öðru hvoru megin við páskana“, segir Guðbjörn. Fyrirhugað var að taka turninn í notkun upp úr áramótum en Guðbjörn segir nokkrar tafir hafa orðið á verkinu vegna tæknilegra atriða.

„Síðan ætlum við að taka góðan tíma í að koma okkur fyrir“, sagði Guðbjörn Charlesson.

– kristinn@bb.is



Nýi flugturninn á Ísafjarðarflugvelli. Mynd: Flugmálastjórn.

Atvinnutekjur á Vestfjörðum árið 2002 voru undir landsmeðaltali

300 þúsund frá landsmeðaltali

Atvinnutekjur á Vestfjörðum árið 2002 voru undir landsmeðaltali eða rétt rúmar 2,2 milljónir króna. Á landinu öllu voru þessar tekjur 2,5 milljónir. Atvinnutekjur karla á Vestfjörðum árið 2002 voru tæplega 2,9 milljónir króna sam-

kvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Tekjur kvenna voru tæplega 1,6 milljónir sama ár. Tekjur í fiskveiðum í fjórðunginum skiptast þannig að karlar voru með tæplega 3,8 milljónir í meðaltekjur og konur með

tæplega 1,5 milljónir. Ef fiskvinnsla er skoðuð voru tekjur karla rétt rúmlega 3 milljónir og kvenna rétt rúm 1,5 m.kr. Svipaður munur er á launum kynjanna í opinberri stjórn-sýslu. Atvinnutekjur karla voru rúmlega 3,2 milljónir árið

2002 og atvinnutekjur kvenna hjá hinu opinbera voru tæplega 1,7 milljónir. Karlar sem fá tekjur af landbúnaði voru með 905.000 krónur í atvinnutekjur árið 2002. Konur voru með 827.000. Atvinnutekjur eru skilgreindar sem beinar skatt-

skyldar launagreiðslur fyrir vinnuframlag í aðalstarfi auk dagpeninga og ökutækjastyrks.

Tekjur karla af fiskveiðum voru mun hærri en tekjur kvenna.

– hj@bb.is

Verslun Ísafirði
456 4644

Timbursala Ísafirði
456 4655

Opnunartími:
Mán. - fös. 8-18
Lau. 10-13
Timbursala lokað
laugardaga



HÚSASMÍÐJAN
www.husa.is

**Sumarbæklingarnir koma
Opið sunnudaginn
8. febrúar frá 13-16**

Vesturferðir
Aðalstræti 7 - Sími 456 5111